



HRUNAMANNAHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2016-2032

Greinargerð



STEINSHOLT

4. janúar 2017

Breytt 23. nóv. 2017

HRUNAMANNAHREPPUR

Aðalskipulag 2016-2032



STEINSHOLT

Gísli Gíslason

Ásgeir Jónsson

Ingibjörg Sveinsdóttir

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Mynd á forsiðu er af Flúðum (ljósmynd Sigurður Bogi Sævarsson).

HRUNAMANNAHREPPUR

Aðalskipulag 2016-2032

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann _____

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: 15. janúar til: 12. febrúar 2015

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá: 17. mars 2016 með athugasemdafresti til: 20. apríl 2016

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: 26. janúar til: 21. apríl 2017

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT


1	INNGANGUR	8
1.1	STEFNA AÐALSKIPULAGS	8
1.2	SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR.....	9
2	STEFNUMÖRKUN Í DREIFBÝLI.....	10
2.1	BYGGÐ.....	10
2.1.1	Umhverfi og yfirbragð byggðar í dreifbýli.....	10
2.1.2	Íbúðarbyggð	10
2.1.3	Frístundabyggð	11
2.2	ATVINNUSVÆÐI.....	12
2.2.1	Landbúnaðarsvæði.....	12
2.2.2	Skógræktar- og landgræðslusvæði	16
2.2.3	Verslunar- og þjónustusvæði	18
2.2.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	18
2.2.5	Samfélagsþjónusta	20
2.2.6	Íþróttasvæði.....	20
2.2.7	Iðnaðarsvæði	21
2.2.8	Stakar framkvæmdir í byggð	22
2.2.9	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	24
2.3	ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM	26
2.3.1	Óbyggð svæði.....	26
2.3.2	Opin svæði	26
2.3.3	Varúðarsvæði.....	27
2.4	SAMGÖNGUR	27
2.4.1	Vegir.....	29
2.4.2	Reiðleiðir.....	30
2.4.3	Gönguleiðir	31
2.4.4	Reiðhjólaleiðir	31
2.4.5	Flugvöllir.....	31
2.5	VEITUR	31
2.5.1	Vatnsveita	32
2.5.2	Hitaveita.....	32
2.5.3	Raflínur.....	32
2.5.4	Fjarskipti.....	33
2.5.5	Fráveita	33
2.6	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR	34
2.6.1	Náttúruverndarsvæði.....	34
2.6.2	Hverfisverndarsvæði	36
2.6.3	Menningarminjar	38
2.6.4	Vatnsvernd.....	42
2.6.5	Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	44
2.7	NÁTTÚRUVÁ.....	44
3	STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI - FLÚÐIR.....	45
3.1	BYGGÐ.....	46
3.1.1	Íbúðarsvæði	46
3.2	ATVINNUSVÆÐI.....	47
3.2.1	Landbúnaðarsvæði.....	48

3.2.2	Verslunar- og þjónustusvæði	48
3.2.3	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	49
3.2.4	Samfélagsþjónusta	49
3.2.5	Íþróttasvæði	49
3.2.6	Athafnasvæði	50
3.2.7	Iðnaðarsvæði	50
3.2.8	Opin svæði	50
3.2.9	Miðsvæði	51
3.3	SAMGÖNGUR	52
3.3.1	Vegir	52
3.3.2	Reiðleiðir	52
3.3.3	Gönguleiðir	52
3.3.4	Flugvöllur	52
3.4	VEITUR	53
3.5	VERNDARSVÆÐI	54
4	STEFNUMÖRKUN Á HÁLENDI	54
4.1	ATVINNUSVÆÐI	56
4.1.1	Skógræktar- og landgræðslusvæði	56
4.1.2	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	56
4.1.3	Stakar framkvæmdir á hálendi	59
4.1.4	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	60
4.2	ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM	63
4.2.1	Óbyggð svæði	63
4.3	SAMGÖNGUR	63
4.3.1	Vegir á Hrunamannaafrétti	65
4.3.2	Reiðleiðir	66
4.3.3	Gönguleiðir	66
4.3.4	Reiðhjólaleiðir	66
4.4	VEITUR	66
4.5	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR	66
4.5.1	Náttúruverndarsvæði	66
4.5.2	Hverfisverndarsvæði	68
4.5.3	Menningarminjar	70
4.5.4	Vatnsvernd	71
5	SKIPULAGSFERLI	73
5.1	BREYTINGAR FRÁ ELDRA SKIPULAGI	73
5.2	SKIPULAGSLÝSING	73
5.3	SAMRÁÐ OG KYNNING	74
5.4	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS	74
6	HEIMILDIR	76
	VIÐAUKI 1 – Skýringarupprættir	77

1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur sem er í uppsveitum Árnessýslu, nær frá miðjum Hofsjökli til suðvesturs milli Hvítár og Stóru-Laxár að ármótum áнна. Sveitarfélagið er tæplega 1.400 km² að stærð (*Landmælingar Íslands, 2014*). Íbúar eru um 800 og er um helmingur búsettur í þéttbýlinu á Flúðum. Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður, garðyrkja, iðnaður og þjónusta, sérstaklega við ferðamenn. Ferðaþjónusta er, líkt og víðar, ört vaxandi atvinnugrein.

Landslag í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og setja fell og klettholt mikinn svip á landið. Dalir og flatlendi eru grösug og vel fallin til landbúnaðar. Góð ræktunarskilyrði og jarðhiti er grunnur öflugs landbúnaðar í sveitarfélaginu.



Mynd 1. Hrunamannahreppur.

1.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS

Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „*skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi*“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi er lögð fram stefna sveitarstjórnar varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi sveitarfélagsins til næstu 16 ára. Gildandi aðalskipulag skal yfirfarið í upphafi hvers kjörtímabils og nýrri sveitarstjórn ber skv. 35. gr. skipulagslaga, að meta hvort endurskoða skuli skipulagið.

Aðalskipulag Hrunamannahrepps skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og blómlegt mannlíf til að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Lögð er áhersla á að:

- Íbúum verði tryggð góð lífsskilyrði og að íbúafjölgun verði stöðug.
- Efla byggð á svæðinu m.a. með betri samgöngum og öflugri fjarskiptum.
- Efla atvinnulíf og bæta möguleika landeigenda til fjölbreyttrar landnýtingar. Stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum m.a. með fullnægjandi lóðaframboði.
- Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda í sátt við samfélag og náttúru, t.d. aukinni nýtingu jarðhita sem er ríkuleg á svæðinu.
- Unnið verði markvisst að skipulagi og uppbyggingu ferðaþjónustu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila.
- Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhliða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, m.a. með fækkun tenginga við stofnvegi. Styrkja tengingar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar.
- Stuðla að bættum möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum.
- Stuðla að hagkvæmri þróun landbúnaðar samhliða því að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu.

- **Stuðla að endurheimt landgæða með gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.**
- **Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.**
- **Stuðla að varðveislu náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Unnið verði að eflingu á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála í samstarfi við nágrannasveitarfélög.**
- **Efla Flúðir sem miðstöð stjórnsýslu og þjónustu.**

Ferðapjónusta mun njóta góðs af öflugri matvælaframleiðslu og áhugi er á vörum „beint frá býli“. Verndun vatnsverndarsvæða stuðlar einnig að öruggari matvælaframleiðslu.

Hér að neðan er fjallað um helstu mál sem koma til framkvæmda og/eða undirbúnings á skipulagstímanum.

- Stefnt er að því að ferðapjónusta styrkist og eflist. Ein leið til þess að svo megi verða er að stuðla að verndun minja og nýtingu þeirra, m.a. með bættum upplýsingum og merkingum. Þá er heimilt að bæta við áningarstöðum m.a. inn á hálendi til að auðvelda gönguleiðatengingar og hafa áningarhólf fyrir hestahópa. Unnið verður að uppbyggingu fyrir ferðapjónustu á hálendinu.
- Á skipulagstímanum verður unnið að lagningu á ljósleiðara í sveitarfélaginu.
- Stefnt er að því að gönguleiðir um byggðina verði lagfærðar og lagðar markvisst í tengslum við áhugaverð svæði og með tengingu við helstu þjónustustaði.
- Nýting jarðhita er ein af grunnstöðum atvinnulífs í Hrunamannahreppi og þar er gnægð af heitu vatni. Lögð er áhersla á áframhaldandi nýtingu jarðhitans, bæði til að styrkja atvinnulíf og til að bæta lífsgæði íbúa. Stefnt er að því að öll byggðin verði tengd við hitaveitu.
- Verndun akuryrkjúlunds mun styðja enn frekar við matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að landbúnaðarlandi verði ráðstafað með þeim hætti að það nýtist til ræktunar, þegar til lengri tíma er litið.

1.2 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v). Kortagrunnar eru í ISN93.

Skipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdráttum. Auk aðaluppdráttar er aðalskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti skipulagsins og eru þeir settir fram í viðauka 1 við greinargerð. Forsendur skipulagsins og umhverfisskýrsla er sett fram í forsenduhefti. Landbúnaðarland sveitarfélagsins var flokkað eftir gæðum þess og er birt í sérstakri greinargerð og á uppdrætti, Hrunamannahreppur – flokkun landbúnaðarlands.

Skipulagsuppdrættir:

- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir byggðina í mkv. 1:50.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir hálendið í mkv. 1:100.000.
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Flúðir í mkv. 1:10.000.

Skýringaruppdrættir í viðauka:

- Samgöngur og námur í byggð í mkv. 1:120.000.
- Verndarsvæði í mkv. 1:120.000.
- Byggð. Frístundasvæði ásamt íþróttasvæðum, afþreyingar- og ferðamannasvæðum og hættusvæðum í mkv. 1:120.000.
- Flokkun landbúnaðarlands í mkv. 1:100.000
- Landbúnaður og skógræktarsvæði í mkv. 1:120.000.
- Fornminjar í byggðinni í mkv. 1:70.000

- Fornminjar á Flúðum í mkv. 1:12.000.
- Flokkun vega á afrétti í mkv. 1:250.000.

2 STEFNUMÖRKUN Í DREIFBÝLI

Megin landnotkun í byggð er landbúnaður, en frístundasvæði nái einnig yfir talsvert stóran hluta. Þá fer landnýting vegna ferðamennsku og afþreyingar vaxandi.

2.1 BYGGÐ

Í kaflanum er fjallað um umhverfi og yfirbragð byggðar, íbúðarbyggð og frístundabyggð.

2.1.1 Umhverfi og yfirbragð byggðar í dreifbýli

Samkvæmt þingsályktun um landskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars¹. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

Stefna:

- Leitast skal við að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu.
- Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar.
- Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.
- Umgengni verði til fyrirmyndar.
- Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Leiðir:

- Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar.
- Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni.
- Reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

2.1.2 Íbúðarbyggð

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er íbúðarbyggð skilgreind sem „Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.

Stefna:

- Ekki verður gert ráð fyrir samfelldri íbúðabyggð utan þéttbýlis á Flúðum.

Gerð er grein fyrir byggingum í dreifbýli sveitarfélagsins í kafla 2.2.1 og 2.2.8.

¹ (Alþingi Íslands, 2016).

2.1.3 Frístundabyggð

Frístundabyggð er skv. gr. 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, „svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum“.

Stefna:

- Ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi sumarhúsabyggð.
- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.

Leiðir:

- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum, þannig að þjónustukerfi s.s. vegir og veitur nýtist sem best.
- Frístundabyggð verður ekki heimiluð á úrvals ræktunarlandi eða á vásvæðum vegna náttúruvár.
- Skipulag byggðar taki mið af því að halda opnum gömlum leiðum, þ.m.t. hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og almennum gönguleiðum milli aðliggjandi svæða.
- Skipulag byggðar tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu $\frac{1}{2}$ - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05.
- Aukahús á frístundalóðum skulu að jafnaði ekki vera stærri en 40 m².
- Heimilt er að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Við skipulag byggðar skal hugað að því að merkar jarðmyndanir og náttúruminjar verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.

Í Hrunamannahreppi eru fjölmörg frístundasvæði. Gerð er grein fyrir þeim í eftirfarandi töflu og eru þau jafnframt sýnd á uppdrætti. Svæði sem auðkennd eru með hringtákni á uppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Frístundasvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Frístundabyggð			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
F1	Hlíð	Nokkur hús á svæðinu. Deiliskipulag fyrir 4 lóðir. Stærð svæðis er um 13 ha.	Hólshús
F2	Foss	Svæðið er nánast óbyggt. Stærð svæðis er um 5 ha.	Foss
F3	Jata	Nokkur hús á svæðinu. Stærð svæðis er um 25 ha.	Jata
F4	Skipholt I	Svæðið er nánast óbyggt. Deiliskipulag fyrir 4 lóðir. Stærð svæðis er um 10 ha.	Skipholt 1
F5	Reykjaból	Margar lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 11 ha.	Reykjaból
F6	Dalabyggð	Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 7 ha.	Reykjadalur
F7	Vakaás	Margar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag fyrir 41 lóð. Stærð svæðis er um 28 ha.	Reykjadalur
F8	Reykjadalur	Svæðið er nánast óbyggt. Deiliskipulag fyrir 14 lóðir. Stærð svæðis er um 10 ha.	Reykjadalur
F9	Kjóabyggð/ Álftabyggð	Nokkrar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 62 lóðir. Stærð svæðis er um 66 ha.	Efra-Sel, Gröf Borgarás, Högnastaðir
F12	Sléttubyggð/ Svanabyggð	Margar lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 14 ha.	Efra-Sel

F13	Ásabyggð	Svæðið er nánast fullbyggt. Deiliskipulag fyrir 39 lóðir. Stærð svæðis er um 13 ha.	Högnastaðir
F14	Grafarbakki III	Nokkrar lóðir eru byggðar. Svæðið er tvískipt. Deiliskipulag fyrir 33 lóðir. Stærð svæðis er um 48 ha.	Grafarbakki III
F15	Markaflöt	Svæðið er óbyggt. Deiliskipulag fyrir 17 lóðir. Stærð svæðis er um 19 ha.	Dalbær III
F16	Gata	Nokkrar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 6 lóðir. Stærð svæðis er um 126 ha.	Gata / Efra-Langholt
F17	Galtafell	Nokkrar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag fyrir 4 lóðir. Stærð svæðis er um 5 ha.	Galtafell
F18	Heiðarbyggð/ Holtabyggð	Margar lóðir eru byggðar. Stærstur hluti svæðisins er deiliskipulagður, gert ráð fyrir 124 lóðum. Stærð svæðis er um 150 ha.	Ásatún, Syðra-Langholt IV
F20	Hrafnabjörg	Svæðið er óbyggt. Hluti svæðisins er deiliskipulagður fyrir 11 lóðir. Stærð svæðis er um 35 ha.	Bjarg, Syðra-Langholt II
F22	Unnarholt	Svæðið er óbyggt. Deiliskipulag fyrir 7 lóðir. Stærð svæðis er um 7 ha.	Unnarholt
F23	Hveramýri	Nokkrar lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 6 ha.	Hvammur 2
F24	Syðra-Langholt	Svæðið er nánast óbyggt. Deiliskipulag fyrir 10 lóðir. Stærð svæðis er um 25 ha.	Syðra-Langholt
F25	Dalbær	Deiliskipulag fyrir 3 frístundahús. Stærð svæðis allt að 1,5 ha.	Dalbær

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í meginráttum samhljóða stefnu í eldra aðalskipulagi, þó skerpt sé á ákveðnum hlutum.

2.2 ATVINNUSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um atvinnusvæði. Megin landnotkun í dreifbýlinu er landbúnaður, þ.m.t. garðyrkja.

2.2.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skilgreint sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fódurframleiðslu“.

Stefna:

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Landbúnaður, þ.m.t. ylrækt og garðrækt, verði áfram stundaður með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði lögð áhersla á að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensks landbúnaðar.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Skógrækt verði eflid til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta, en jafnframt forðast að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting verði í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Forðast skal uppskiptingu bújarða, sérstaklega uppskiptingu á góðu akuryrkjalandi í flokki I og II.

- **Stefnt er að endurheimt landgæða á illa förnum svæðum. Vinna skal að því að létta beit af landsvæðum þar sem rof á landi er verulegt. Skal að því stefnt að skilja slík svæði frá landi þar sem ástand er betra og enn fremur að bæta ástand gróðurs á illa förnum svæðum sem liggja að grónu landi.**

Leiðir:

- Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu til framtíðar.
- Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki m.a. til að nýta samgöngu- og veitukerfi.
- Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokk I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.
- Ný íbúðarhús skulu byggð í tengslum við byggð á núverandi bæjartorfu/býli.
- Nýjar byggingar skulu taka mið af landslagi og yfirbragði byggðar.
- Taka skal tillit til fjarlægðarmarkna lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishúsa.
- Heimilt er að stunda minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.
- Ylrækt og garðrækt verði eflað, m.a. með því að leita leiða til að lækka rafmagnskostnað.

Á hluta landbúnaðarlands eru ýmsar kvaðir sem taka þarf tillit til við nýtingu lands, s.s. vegna vatnsverndar, hverfisverndar, náttúru- og söguminja.



Mynd 2. Miðfellshverfi.

Flokkun landbúnaðarlands

Gott landbúnaðarland er auðlind sem verður varðveitt til framtíðar. Sérstaklega er horft til þess að ekki verði heimiluð landnýting sem takmarkar til lengri tíma ræktunarmöguleika á góðu landbúnaðarlandi, nema gild rök mæli með því.

Landbúnaður er megin landnotkun utan þéttbýlis. Landbúnaðarland hefur verið kortlagt í grófum dráttum með tilliti til ræktunarhæfni og er það birt í skýrslunni „Hrunamannahreppur – flokkun landbúnaðarlands“ sem dagsett er í febrúar 2016 og var unnin af Steinsholti ehf.

Landbúnaðarlandi í Hrunamannahreppi er skipt upp í 4 flokka, I-IV:

- I. **Flokkur I – kjörlendi fyrir akuryrkju.** Mjög gott ræktunarland, slétt (undir 5° halli) og auðvelt til jarðvinnslu. Í sumum tilfellum þarf að þurrka landið. Jarðvegur frjór og auðveldlega plógtækur, nær ekkert grjót. Land alltaf undir 100 m hæð yfir sjó.
- II. **Flokkur II – gott land fyrir akuryrkju.** Fremur slétt, alltaf undir 10° þ.e. 18% halli og yfirleitt undir 5°, þ.e. um 8% halli. Jarðvegur oft fremur rýr og í sumum tilfellum áburðarfrekur, fremur þurrlendur og oft minni rakaheldni jarðvegs. Sandur og mól stundum nálægt yfirborði lands en lítið um grjót. Land alltaf undir 200 m hæð yfir sjó.

- III. **Flokkur III – blandað ræktunarland.** Hentar oft vel til túnræktar og í sumum tilfellum mögulegt til akuryrkju. Landið er yfirleitt gott til beitar eða skógræktar og liggur aldrei hærra en 300 m yfir sjó. Halli oft nokkur, upp í nokkuð bratt, jafnvel 15° halla. Jarðvegur yfirleitt nokkuð breytilegur, allt frá því að vera mjög frjór yfir í rýran móajarðveg og lítt gróin melasvæði.
- IV. **Flokkur IV – annað land.** Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er mjög rýr, grjót í eða við yfirborð og halli oft mikill. Land yfirleitt í a.m.k. 200 m hæð en einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna, sandsvæði og strandsvæði næst sjó. Einnig hrauna- og melasvæði, grjótholt, hlíðar og fjöll. Land í flokki IV er oft hentugt til beitar og nýtt til sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglendissvæði er að ræða. Þá kunna þau svæði að vera ákjósanleg til skógræktar og uppgræðslu m.a. með það að markmiði að bæta landgæði til ræktunar / nýtingar.

Á landbúnaðarlandi í flokki I og II er að jafnaði ekki heimiluð landnýting sem takmarkar ræktunarmöguleika til akuryrkju s.s. samfelld skógræktarsvæði, byggð, umfangsmikil iðnaðarsvæði eða stórar námur. Samfelld skógrækt og landgræðsla á 200 ha og stærri spildum, skulu vera á skilgreindum landgræðslu og skógræktarsvæðum. Komi fram áform um breytta landnotkun verður það skoðað og metið í hverju tilviki fyrir sig. Flokkun landbúnaðarlands er ekki einhlít og því þarf að gæta varúðar og jafnræðis við ráðstöfun lands, með tilliti til flokkunar landsins.



Mynd 3. Víða er gott ræktunarland í Hrunamannahreppi.

Byggingar á landbúnaðarlandi

Á landbúnaðarlandi er almennt gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Nýjar byggingar verða að jafnaði ekki reistar á verndarsvæðum eða landbúnaðarlandi í flokki I og II nema í nágrenni núverandi bygginga eða veitukerfa.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa stök íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Stök hús skulu að jafnaði reist utan verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands (í flokki I og II). Leitast skal við að staðsetja ný íbúðarhús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur þjónustukerfi sem eru fyrir hendi (sbr. kafla 2.2.8).

Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu að jafnaði reist í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. lykt, hafi sem minnst áhrif á íbúa. Um eldihús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015 þar sem gerð er grein fyrir lágmarksfjarlægð eldihúsa frá byggð. Þar sem eldihús eru fyrirhuguð t.d. í nágrenni þéttbýlis, fjölsótttra þjónustu- eða ferðamannasvæða skal meta fjarlægðarmörk sérstaklega, m.a. með tilliti til ríkjandi vindátta og annarra náttúrfarslegra aðstæðna. Öll alifugla-, loðdýra- og svínarækt sem er það umfangsmikil að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum skal vera á iðnaðarsvæðum.

Æskilegt er að bæjartorfur séu deiliskipulagðar. Þó er heimilt þegar um er að ræða byggingu stakra mannvirkja sem tengjast starfsemi búans að fara með slíkar umsóknir í grenndarkynningu. Það á þó ekki við um eldishús sem falla undir ákvæði reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Önnur atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er, þar sem er föst ábúð, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli. Nýta má byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einkum er horft til starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að landbúnaðarstarfsemi.

Heimilt er á landi í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.000 m². Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafna- eða iðnaðarsvæði.

Í einhverjum tilfellum er heimilt að reisa stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, eins og lýst er nánar í kafla 2.2.8.

Landskipti

Heimilt er að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum, en þó skal forðast að skipta upp góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) nema til áframhaldandi landbúnaðarnota. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja að landbúnaðarland í flokki I og II verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu, halda í dreifbýlisyfirbragð og sporna við myndun samfelldrar byggðar.

Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skulu fylgja upplýsingar um fjölda og stærð lóða/spildna, flokkun landbúnaðarlands, áform um uppbyggingu og aðkomu.

Við afgreiðslu umsókna um landskipti verður einkum litið til eftirtalinna þátta:

- Fyrirhuguð uppbygging miði að því að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu.
- Nýjar spildur séu í tengslum við og nýti þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema aðgengi að spildum frá þjóðvegi sé tryggt.
- Ekki sé lokað almennum göngu- og reiðleiðum né aðgengi takmarkað að áhugaverðum stöðum eða svæðum.
- Taka skal tillit til verndarsvæða.

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004, ábúðarlaga nr. 80/2004, og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Niðurstaða sveitarstjórnar Hrunamannahrepps er, sbr. umfjöllun í umhverfisskýrslu, að umhverfisáhrif af verndun góðs landbúnaðarlands í flokki I og II til ræktunar séu fremur jákvæð til lengri tíma litið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landsskipulagsstefnu að standa vörð um gott ræktunarland og nýta það til matvælaframleiðslu en gæta þarf að vernd votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

Hafa þarf í huga að kortlagning landbúnaðarlands er í mælikvarðanum 1:50.000 og því kunna að vera minni svæði inn á milli sem ættu betur heima í öðrum flokki. Vilji landeigandi fara í

framkvæmdir á landbúnaðarlandi í flokki I og II er möguleiki að ráðast í frekari greiningu lands til að sýna fram á að það eigi betur heima í öðrum flokki.

2.2.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind sem „*svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbóta-skógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu*“.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði að umhverfisvernd og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins. Til að endurheimta landgæði má nefna uppgræðslu, skógrækt og gróðurvernd á áður grónum svæðum sem og endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa.

Stefna:

- Leitast verði við að efla skógrækt og skjólbeltarækt.
- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Áfram verður unnið að endurheimt landgæða m.a. með uppgræðslu lands.
- Sveitarfélagið leiti leiða til að leggja sitt af mörkum til kolefnisjöfnunar.

Leiðir:

- Skógrækt verði eflað til landbóta, m.a. í tengslum við Suðurlandsskóga.
- Skógrækt verði áfram nýtt til að bæta búsetuskilyrði m.a. til skjóls og útivistar.
- Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland (flokk I og II) undir samfellda skógrækt. Forðast skal að takmarka útsýni eða skerða gildi minja og verndarsvæða með uppgræðslu eða skógrækt.
- Áfram verði unnið að endurheimt gróðurs og landgæða.
- Afmarka skal ný svæði til skógræktar og landgræðslu þar sem samfelld svæði fer yfir 199 ha og unnið verður a.m.k. til fimm ára.

Gert er ráð fyrir að skógrækt og skjólbeltarækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið styrkist sem atvinnugrein og að þátttakendum í verkefninu komi til með að fjölga (*Suðurlandsskógar, 2015*). Núverandi og áætluð skógræktarsvæði, 10 ha og stærri eru sýnd á skipulagsuppdraetti og á skýringaruppdraetti 4

Landgræðsla er víða um sveitarfélagið þar sem bændur vinna með Landgræðslu ríkisins að uppgræðslu í heimalöndum m.a. í verkefninu Bændur græða landið. Einnig er unnið að uppgræðslu á afrétti, m.a. í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt. Hrunamannafréttur er með staðfesta landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt í samræmi við reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013. Stefnt er að því að halda þeirri vottun eða annarri sambærilegri. Áfram verður unnið að uppgræðslu og gripið til frekari beitarstýringar gerist þess þörf. Þessi svæði eru ekki afmörkuð sérstaklega, enda er breytilegt á milli ára á hvaða svæðum er unnið.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha lands eða ná til skógræktar á verndarsvæðum, til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmdanna. Alla aðra nýræktun skóga, að 200 ha, skal tilkynna til sveitarstjórnar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmda sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 660/2015. Þá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um allar uppgræðsluáðgerðir á verndarsvæðum, sbr. sömu reglugerð.



Mynd 4. Skógræktarsvæði í Högnastaðaási.

Allar matsskyldar framkvæmdir, sbr. reglugerð nr. 660/2015, eru framkvæmdaleyfisskyldar. „Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld“ sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um skógræktar og landgræðslusvæði gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Stefnt er að endurheimt landgæða á illa förnum svæðum. Vinna skal að því að létta beit af landsvæðum þar sem rof á landi er verulegt. Skal að því stefnt að skilja slík svæði frá landi þar sem ástand er betra og ennfremur að bæta ástand gróðurs á illa förnum svæðum sem liggja að grónu landi.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar sbr. kafla 2.6.2, náttúruverndarsvæða sbr. kafla 2.6.1 og fornminja sbr. kafla 2.6.3.
- Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Nytjaskógrækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær vegum en 50 m. Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. kafla 2.6.1. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum.

Í töflu hér að neðan er yfirlit yfir skógræktar- og landgræðslusvæði í Hrunamannahreppi skv. upplýsingum frá Suðurlandsskógum og Landgræðslunni:

Skógræktar- og landgræðslusvæði		
Nr.	Svæði/jörð	Lýsing
SL2	Jaðar	Skógræktarsvæði, stærð er um 200 ha.
SL3	Foss	Skógræktarsvæði, stærð er um 50 ha.
SL4	Reykjadalur	Skógræktarsvæði, stærð er um 80 ha.
SL5	Reykjadalur	Skógræktarsvæði, stærð er um 15 ha.
SL6	Efra-Sel	Skógræktarsvæði, stærð er um 50 ha.
SL7	Bjarg	Skógræktarsvæði, stærð er um 10 ha.
SL8	Hrafnabjörg	Skógræktarsvæði, stærð er um 30 ha.
SL9	Hríshólar (Sóleyjarbakki)	Skógræktarsvæði, stærð er um 130 ha.
SL10	Ásgerði	Skógræktarsvæði, stærð er um 10 ha.

2.2.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir verslun- og þjónustu skilgreint sem „svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum“.

Stefna:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta verði efld og afþreyingarmöguleikum fjölgað, m.a. til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðafólks ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Leiðir:

- Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að nýta þau tækifæri sem fyrir eru.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gangvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Byggingar geta verið á einni til tveim hæðum.

Eftirfarandi verslunar- og þjónustusvæði eru í Hrunamannahreppi:

Verslunar- og þjónustusvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VP1	Dalbær	Gert er ráð fyrir veitinga og gistiþjónustu. Áætluð eru allt að 50 gistirúm í – stærð svæðis er allt að 5 ha.	Dalbær
VP3	Sóleyjarbakki	Gert er ráð fyrir gistiþjónustu í smáhýsum og/eða skála. Áætluð eru allt að 40 gistirúm i. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Sóleyjarbakki
VP4	Sóleyjarbakki	Gert er ráð fyrir veitinga- og gistiþjónustu. Áætluð eru allt að 200 gistirúm. Stærð svæðis er allt að 10 ha.	Sóleyjarbakki
VP5	Efra-Sel	Gert er ráð fyrir veitinga- og gistiþjónustu. Áætluð eru allt að 80 gistirúm. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Efra-Sel

Nú þegar eru sérhæfðar byggingar fyrir verslun- og þjónustu allt að 1.000 m² að stærð heimil-aðar á landbúnaðarsvæðum án breytinga á aðalskipulagi, þar sem aðstæður leyfa, sjá nánar í kafla 2.2.1.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Áhersla er á að áfram verði byggð upp ferðaþjónusta í dreifbýli sveitarfélagsins, bæði til að auka þjónustu við ferðafólk og auka tekjumöguleika íbúa. Áfram er gert ráð fyrir að ferðafólki fjölgi, sbr. greiningu Arion banka o.fl. aðila og nauðsynlegt er að uppbygging ferðaþjónustu, þar með talið gististaða og hótela taki mið af þeirri fjölgun en minnt er á að bygging hótela í dreifbýli er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar í samræmi við reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

2.2.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

Stefna:

- Afþreyingarmöguleikum verði fjölgað til að skapa möguleika á því að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.
- Við skipulag ferðamannasvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Leiðir:

- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkinga og eftir atvikum snyrtingum.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gangvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Tryggja sem best umferðaröryggi um hvert svæði og einnig aðkomu að því.
- Útfærðar verði hjóla-, reið- og gönguleiðir, m.a. til að bæta nýtingu þeirra innviða sem fyrir eru.
- Nýtingarhlutfall lóða fari almennt ekki yfir 0,5.

Tjaldsvæði, sem fylgja gisti- og/eða veitingaþjónustu, kunna að vera skilgreind innan verslunar- og þjónustusvæða. Æskilegt er að fjölga afþreyingarmöguleikum í byggð og á hálendinu, m.a. til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.



Mynd 5. Gamla laugin í Hverahólma á Flúðum er ein elsta sundlaug landsins.

Eitt afþreyingar- og ferðamannasvæði er í sveitarfélaginu:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF12	Langholt, Álfaskeið	Tjaldsvæði og þjónusta því tengd. Stærð svæðis allt að 5 ha.	Syðra-Langholt

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í meginráttum samhljóða stefnu í eldra aðalskipulagi. Rætt hefur verið um samstarf í uppsveitum Árnessýslu þar sem m.a. er horft til skipulags ferðaþjónustu á hálendi sveitarfélaganna og því kunna frekari breytingar að verða þegar það skipulag liggur fyrir.

2.2.5 Samfélagsþjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir samfélagsþjónustu skilgreint sem „svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila“.

Stefna:


- Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Efla þjónustuhlutverk stofnana á Flúðum.
- Unnið verði að eflingu á sviði heilsugæslu og öldrunarmála.

Leiðir:

- Að vernda menningarsögulegt umhverfi kirkna.
- Styðja við og styrkja rekstur og starfsemi opinberrar þjónustu á Flúðum.
- Efla samstarf við nágrannasveitarfélög um rekstur heilsugæslu og hjúkrunarheimila.
- Tryggja sem best að öldruðum gefist færi á að njóta ævikvölds í heimabyggð.

Helstu stofnanir í dreifbýlinu eru kirkjur og kirkjugarðar. Tungufellskirkja er ekki nýtt sem sóknarkirkja en áhersla er á að varðveita hana. Ekki er gerð sérstök grein fyrir kirkjugörðum í aðalskipulaginu en þeir fylgja viðkomandi kirkju. Gert er ráð fyrir að uppbygging annarrar opinberrar þjónustu fari að mestu fram innan þéttbýlis á Flúðum.

Samfélagsþjónusta			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
S1	Tungufellskirkja	Kirkja ásamt kirkjugarði, – stærð lóðar um 0,1 ha.	Tungufell
S2	Hrunakirkja	Kirkja ásamt kirkjugarði, – stærð lóðar um 0,5 ha.	Hruni
S3	Hrepphóla kirkja	Kirkja ásamt kirkjugarði, – stærð lóðar um 0,25 ha.	Hrepphólar



Mynd 6. Hruni.

2.2.6 Íþróttasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir íþróttaaðstöðu skilgreint sem „svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar“.

Stefna:

- Leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- Stuðlað verði að viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi íþróttamannvirkjun.
- Íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur.

Áhersla verður á uppbyggingu íþróttamannvirkja innan þéttbýlis á Flúðum og þá í tengslum við skólann en einnig verður byggð upp aðstaða í dreifbýli, m.a. í tengslum við ferðaþjónustu s.s. golfvöllir.

Íþróttasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
Íþ1	Golfvöllur	Golfvöllur og þjónustumiðstöð vestan við Flúðir. Stærð svæðis er um 40 ha.	Efra-Sel
Íþ2	Golfvöllur	Golfvöllur. Stærð svæðis er um 20 ha.	Ásatún
Íþ3	Fótboltagolf	Völlur fyrir fótboltagolf, stærð svæðis um 7 ha	Dalbær

2.2.7 Iðnaðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem „svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.

Stefna:

- Efla núverandi atvinnustarfsemi.
- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. smærri framleiðsluiðnað og matvælaíðnað.
- Vinna stefnumörkun varðandi byggingu minni virkjana.
- Að unnið verði að frekari umbótum í sorphirðumálum.
- Umfang og staðsetning starfsemi, sem haft getur mengun í för með sér, verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.

Leiðir:

- Sveitarfélagið vinni að frekari umbótum í sormálum með nágrannasveitarfélögum. Leitað verði að hagkvæmustu lausn á sorpeyðingarmálum á hverjum tíma.
- Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð verði áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs og fræðslu til íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs.
- Unnin verður stefnumótun varðandi minni virkjanir, vindraftstöðvar og vatnsaflsvirkjanir í samráði við nágrannasveitarfélög.
- Unnið verður náið með hlutaðeigandi stofnunum s.s. á sviði heilbrigðiseftirlits þegar fjallað er um mengandi starfsemi s.s. vegna fráveitu, hljóð- eða lyktarmengun.

Hrunamannahreppur er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og er stefna um sorphögun háð útfærslu svæðisáætlunarinnar. Stefnt er að því að flokka og endurvinna sorphögun eins og kostur er og leitast við að minnka flutningskostnað og magn þess sorps sem þarf að urða.

Iðnaðarsvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
I1	Hrafnkelsstaðir	Spennistöð.	Hrafnkelsstaðir
I2	Flúðafiskur	Fiskþurrkun.	Borgarás
I3	Kópsvatn	Virkjun heits vatns – borhola.	Kópsvatn
I4	Birtingaholt/Sóleyjarbakki	Fiskeldi / léttur iðnaður.	Sóleyjarbakki/ Birtingaholt

2.2.8 Stakar framkvæmdir í byggð

Undanfarin ár hefur verið eftirspurn eftir því að byggja stök mannvirki sem ekki tengjast beint þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Þetta á t.d. við um fjarskiptamöstur, litlar vatnsaflsvirkjanir og vindrafstöðvar. Einnig ýmis konar atvinnustarfsemi sem styrkir þá starfsemi sem fyrir er, s.s. ferðapjónustu eða landbúnað. Þá er ásókn í fasta búsetu í dreifbýli og/eða byggingu stakra frístundahúsa, aðallega af hálfu einstaklinga sem tengjast viðkomandi svæði á einn eða annan hátt.

Heimilt er að ráðast í stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum og á óbyggðum svæðum í byggðinni, án þess að skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðarhús, frístundahús, fjarskiptamöstur, litlar virkjanir og vindrafstöðvar. Þá verður heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnissvæði.

Á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum er heimilt, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu að veita leyfi fyrir stökum mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Gert er ráð fyrir að í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru og minjar og samfélag. Huga þarf vel að sýnileika slíkra bygginga og mögulega hljóð- og lyktarmengun. Þá skal leitast skal við að staðsetja stök mannvirki á óbyggðum svæðum þar sem þau skerða ekki víðerni.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- **Íveruhús.** Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa stök frístundahús og íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Stök hús skulu að jafnaði reist utan verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands.
 - Almennt skulu frístundahús reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er.
 - Stök íbúðarhús, með fastri búsetu skulu að jafnaði reist í tengslum við núverandi bæjartorfur / býli. Þó er heimilt að reisa hús á stærri landspildum/eyðijörðum í góðum tengslum við núverandi samgöngu og veitukerfi en utan góðs landbúnaðarlands (I og II) og verndarsvæða.
- **Fjarskiptamöstur.** Á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum er heimilt að reisa allt að 20 m há möstur ásamt nauðsynlegu aðstöðuhúsi allt að 20 m², lögnum og vegum að þeim.
- **Litlar virkjanir.** Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa litlar virkjanir ásamt allt að 15 m² aðstöðuhúsi lögnum og vegum að þeim.
 - Vindrafstöðvar geta verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils.
 - Heimilt er að reisa vatnsaflsvirkjun með allt að 200 kW uppsett raf afl.

Þá er heimilt á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum að reisa örvirkjanir (allt að 100 kW) í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.

- **Hitaveita.** Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW.
- **Neysluvatn.** Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- **Veitumannvirki.** Heimilt er að reisa spennistöðvar og dæluhús allt að 20 m² að grunnfleti.

- **Þjónustuhús og kynningaraðstaða.** Heimilt er að útbúa áningarstaði við vegi/slóða, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, þ.e. meginleiðum sem sýndar eru í aðalskipulagi. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Þá er heimilt að hafa áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir.



Mynd 7. Horft af Langholtsfjalli í átt að Vörðufelli.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi. Að jafnaði skulu lóðir, þar sem ekki er föst búseta, vera undir 1,0 ha að stærð. Stærri landspildur (t.d. 20 ha og stærri) og eyðijarðir kunna að verða endurbyggðar án þess að staðbundin atvinna, s.s. landbúnaður sé stundaður.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla 2.1.1). Ganga þarf vel frá lögnum, s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa. Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Sveitarstjórn leggur áherslu á að ný íveruhús séu í góðum tengslum við núverandi samgöngur og veitur m.a. til að draga úr kostnaði. Því verða ný íbúðar- og frístundahús reist í tengslum við þá byggð sem fyrir er. Nauðsynlegt er að heimila ýmsar minni framkvæmdir til að styrkja byggð, rekstur eða til öryggismála og vill sveitarstjórn veita ákveðið svigrúm til þess, án þess að afmarka sérstaklega viðkomandi landnýtingarflokk í aðalskipulagi. Snýr þetta m.a. að fjarskiptum, litlum virkjunum, heita- og kaldavatnsveitum, lögnum og þjónustuhúsum sem m.a. geta nýst til upplýsingar, sem salerni eða til eftirlits. Gert er ráð fyrir virkjunum og vatnsveitum m.a. til að styrkja búrekstur eða annan rekstur s.s. þjónustustarfsemi til að ekki þurfi að nýta eldsneytis-knúnar rafstöðvar eða langa lagnaleið. Gott fjarskiptasamband er nauðsynlegt í öryggisskyni en nýtist einnig vel til afþreyingar og í rekstri.

2.2.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „*svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda*“.

Stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða.
- Efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og góðan frágang.

Leiðir:

- Efnistaka/efnislosun er óheimil nema að fyrir liggi framkvæmdaleyfi.
- Landeiganda/umráðamanni er heimil efnistaka til eigin nota úr eigin landi og utan verndarsvæða.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Ekki verði um efnistöku að ræða á friðlýstum svæðum. Að jafnaði verði ekki um námuvinnslu að ræða á svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulagi eru til mismunandi nota og gert ráð fyrir að þær uppfylli fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Þetta á bæði við um malarnám, sandnám og grjótnám. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi, s.s. efnislosun, háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal, skv. 7. gr. laganna, gera grein fyrir stærð og afmörkun efnistöku-svæðis, áætluðu efnismagni, dýpt námu, vinnslutíma og frágangi efnistökustaðar að vinnslutíma loknum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Efnistaka skal vera í samræmi við aðalskipulag.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda. Öll efnistöku- og efnislosunarsvæði eru tilkynningaskyld, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

Landeigendum er heimil efnistaka til eigin nota skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum. Sé fyrirhuguð efnistaka úr ám eða vötnum og allt að 100 m frá bakka þarf samþykki Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

- Svæði þar sem efnistaka eða efnislosun raskar 50.000 m² eða stærra svæði eða er 150.000 m³ eða meiri.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Efnistaka/ efnislosun á verndarsvæðum.
- Þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri.
- Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður sömu framkvæmdar ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um mats-skyldu:

- Öll önnur efnistaka, þ.e. efnistaka/efnislosun undir 50.000 m³ eða er undir 25.000 m² svæði.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:

- Jarðefni er auðlind og nýta skal það efni sem best er til framkvæmdar fallið.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Ekki verði unnið nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að heildarsvipmót landslagsheildar raskist sem minnst.
- Að takmarka sem mest sýnileika frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku-/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Áætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög.
- Góð umgegningu um námu á framkvæmdatíma dregur úr sjónrænum áhrifum og hættu á foki.
- Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður.
- Gerð er krafa um góða umgegningu, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Eftirfarandi staðir eru skilgreindir sem efnistökusvæði:

Efnistökusvæði					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að ...)	Stærð m ² (allt að ..)	Jörð
E1	Tungufell	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Tungufell
E2	Skerlisnáma	Malarnáma	25000	15000	Haukholt
E3	Við Foss	Malarnáma	50000	15000	Haukholt
E4	Haukholt	Malar- og grjótnáma	25000	15000	Haukholt
E5	Kaldbakur/Kluftir	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Kaldbakur/- Kluftir
E6	Kópsvatn	Malarnáma	25000	15000	Kópsvatn
E7	Reykjadalur	Malarnáma	25000	15000	Reykjadalur
E8	Sólheimar	Malarnáma (Líparít)	25000	15000	Sólheimar
E9	Litla-Laxá	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Grafarbakki
E10	Litla Laxá, efri	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Grafarbakki
E11	Ísabakki	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Ísabakki
E12	Hvammur	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Hvammur
E13	Hvítárholt	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Hvítárholt
E14	Gata	Malarnáma	25000	15000	Gata
E15	Núpstún	Malarnáma	150000	45000	Núpstún
E16	Ásgerði	Malarnáma	25000	15000	Ásgerði
E17	Hrepphólar	Stuðlabergsnáma	25000	15000	Hrepphólar

E18	Hólakot	Malarnáma í áreyrum	25000	15000	Hólakot
E19	Hólakotsbrúnir	Malarnáma	150000	45000	Hólakot
E20	Sóleyjarbakki	Malarnám í áreyrum	25000	15000	Sóleyjarbakki
E21	Birtingaholt	Malarnám í áreyrum / vikur	25000	15000	Birtingaholt
E22	Syðra-Langholt	Malarnáma	25000	15000	S-Langholt
E23	Unnarholtskot	Grjót- og malarnáma	25000	15000	Unnarholtskot
E24	Langholtskot	Malarnáma	25000	15000	Langholtskot
E25	Ásatún	Malarnáma	25000	15000	Ásatún
E26	Tungufellsvegur	Malarnáma	25000	15000	Foss
E27	Kotlaugar	Grjót- og malarnáma	25000	15000	Kotlaugar
E28	Kópsvatn	Malarnáma	25000	15000	Kópsvatn
E29	Hörgsholt	Malarnáma	25000	15000	Hörgsholt
E30	Langholt	Malarnáma	25000	15000	S-Langholt
E31	Syðra-Langholt	Grjót- og malarnáma	45.000	45000	S-Langholt 4
E32	Hvítárbrú	Malarnáma	50000	15000	Högnastaðir
E33	Syðra-Langholt	Grjótnáma	25000	15000	S-Langholt
E34	Dalbær 3	Malarnáma	25000	15000	Dalbær
E35	Auðsholt	Malarnám í áreyrum	25000	15000	Auðsholt
E36	Kotlaugar	Malarnáma	25000	15000	Kotlaugar
E37	Birtingaholt	Malarnáma	25000	15000	Birtingaholt
E38	Bryðjuholt	Malarnám í áreyrum	25000	15000	Bryðjuholt

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í meginráttum samhljóða stefnu í eldra aðalskipulagi, þó skerpt sé á ákveðnum hlutum.

2.3 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

2.3.1 Óbyggð svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind.

Hrunaheiðar eru skilgreindar sem óbyggð svæði og varðandi stefnumörkun fyrir þær er vísað til kafla 4.2.1.

2.3.2 Opin svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

Stefna:

- Lögð er áhersla á að efla möguleika á sviði útivistar.

Leiðir:

- Auðveldað verði aðgengi að opnum svæðum, m.a. með góðu skipulagi og leiðbeiningum.
- Unnið verður að fjölgun göngu- reið- og hjólaleiða.
- Áningarstöðum á gönguleiðum verði fjölgað.

Opin svæði utan þéttbýlis eru fá en lögð er áhersla á að efla útivist með betra aðgengi að minja- og verndarsvæðum auk þess að vinna að heildstæðu kerfi göngu-, reið- og hjólaleiða í samvinnu við nágrannasveitarfélög.

Opin svæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
OP1	Kópsás/Bæjarás	Klapparás, útivistar og skógræktarsvæði Skógræktarfélags Hrunamanna. Stærð svæðis er um 58 ha.

2.3.3 Varúðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013 segir: „Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Í Rammaáætlun II er fjallað um virkjanakosti í Hrunamannahreppi (Sveinn Björnsson, 2011). Svæði í biðflokki tengjast Hvítá og eru Búðartunguvirkjun og Haukholtsvirkjun.

Ekki liggur fyrir skýr afmörkun svæða né tilhögun virkjana og því er ekki tekin afstaða til framkvæmda á þessu stigi. Svæðin eru merkt með hringtækni á skipulagsupprætti, annars vegar á landgræðslusvæði og hins vegar innan landbúnaðarlands:

Svæði í biðflokki í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða		
Nr.	Heiti	Lýsing
VA1	Búðartunguvirkjun	Hvítá verður stífluð við Búðartungu. Um 1.150 m langir stíflugarðar og um 7 km ² lón myndu verða við virkjun. Stöðvarhús og aðrennslisskurðir/göng yrðu á Biskupstungnaafrétti. Gert er ráð fyrir að Hvítárvatn verði að hluta til nýtt sem vatnsmiðlun.
VA2	Haukholtsvirkjun	Inntaksstífla í Hvítárgljúfri við bæinn Haukholt. Gert er ráð fyrir að skoða þurfi aðrar hugmyndir að staðsetningu og útfærslu á minni virkjun.

2.4 SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 m.s.br. skiptist vegakerfi landsins „... í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins“.

Almennir stígar teljast „...vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga“ skv. 10. grein laganna (Alþingi Íslands, 2007).

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tiltekni vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Ekki hefur verið unnin slík flokkun vega fyrir láglendari svæði.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar og samgönguáætlun, sem gerð hefur verið til 2022 og þingsályktunartillögu til 2018.

Í „Vegvísi í ferðaþjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannaleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn dreifist sem viðast um landið².

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Stofnvegir og tengivegir í Hrunamannahreppi eru taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá (*Vegagerðin*, 2014). Héraðsvegir og slóðar eru sýndir til skýringar á aðalskipulagsuppdrætti en ekki taldir upp hér.

Stefna:

- Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs og við nágrannasveitarfélög, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Lögð er áhersla á að stuðla að endurbótum meginleiða í byggð og að þær verði byggðar upp með bundnu slitlagi.
- Nýjar vegtengingar við þjóðveg verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Hugað verði sérstaklega að „grænum“ samgöngumáta í þeim tilgangi að fjölga möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum.
- Umferð valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.
- Hugað verði að legu göngu- og reiðleiða með tilliti til annarrar umferðar.
- Almenningsamgöngur verði eflar.
- Stuðlað verði að góðri aðstöðu fyrir flugáhugamenn í sátt við umhverfið.
- Stuðlað verður að eðlilegu viðhaldi lendingarstaða m.a. út frá öryggissjónarmiðum og greiðum samgöngum að þeim.

Leiðir:

- Bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði, auðvelda flæði vinnuafis innan þess og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.
- Stuðlað verði að betri almenningsamgöngum á Suðurlandi í samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Stofnvegir og tengivegir verði undirbyggðir og lagðir bundnu slitlagi.
- Á verndarsvæðum og óbyggðum svæðum er áhersla á að vegir verði felldir sem best að landslagi.
- Halda fjölgun nýrra vegtenginga við stofn- og tengivegi í lágmarki, m.a. með því að nýta núverandi tengingar.
- Gert verði ráð fyrir umferð hjólandi fólks á helstu leiðum, m.a. með því að hafa breiða vegöxl.
- Bundið slitlag verði komið á sem flesta vegi á skipulagstímabilinu.
- Lögð er áhersla á endurbætur á vegum sem liggja að fjölförnum ferðamannastöðum.
- Aðskilja sem mest umferð vélknúinna ökutækja frá gangandi og ríðandi umferð.

² (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðaþjónustunnar, 2015).

2.4.1 Vegir

Vegakerfi í byggð skiptist í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Hér á eftir er fjallað um hvern vegflokk fyrir sig.

Helgunarsvæði vega og viðmiðunarfjarlægðir milli vegtenginga í dreifbýli eru nokkuð mismunandi en eru að jafnaði skv. eftirfarandi töflu:

	Fjarlægð íbúðar- og frístundahúsa frá vegum	Fjarlægð milli vegtenginga
Stofnvegur	100 m	200-400 m
Tengivegur	100 m	200-300 m
Héraðsvegur	50 m	100 m

STOFNVEGIR

Stofnvegir í sveitarfélaginu eru nú þegar uppbyggðir og bundnir slitlagi. Stofnvegir teljast „...vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri“ (Alþingi Íslands, 2007).

Stofnvegir í Hrunamannahreppi eru eftirtaldir:

Stofnvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	Liggur milli Suðurlandsvegar við Skeiðavegamót á Flúðir, Brúarhlöð og á Biskups-tungnabraut við Kjóastaði.
359	Bræðratunguvegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar og Skeiða- og Hrunamannavegar við Flúðir.

TENGIVEGIR

Tengivegir teljast vera „...vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis“ skv. 8 gr. Vegalaga nr. 80/2007 (Alþingi Íslands, 2007).

Tengivegir í Hrunamannahreppi eru eftirtaldir:

Tengivegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
340	Auðsholtsvegur	Liggur milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Langholtsvegar.
341	Langholtsvegur	Liggur milli Flúða og Auðsholtsvegar.
344	Hrunavegur	Liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30 við Flúðir inn á Skeiða- og Hrunamannaveg við Kirkjuskarð, alls um 7,7 km.

HÉRAÐSVEGIR

Í vegalögum eru héraðsvegir sagðir vera „...vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar“ (Alþingi Íslands, 2007).

Héraðsvegir eru sýndir til skýringar á skipulagsuppdráttum en ekki taldir upp hér.

Uppfylli vegur ekki lengur skilyrði laga þessara til að geta talist þjóðvegur skal Vegagerðin tilkynna aðilum að fyrirhugað sé að fella hann af vegaskrá frá og með næstu áramótum og þar með sé veghald hans ekki lengur á ábyrgð Vegagerðarinnar.

2.4.2 Reiðleiðir

Helstu reiðleiðir eru kortlagðar og fylgja þær gjarnan vegslóðum, smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Megin reiðstígar tengja saman byggð og hálendi, en eru jafnframt reiðleiðir innan byggðarinnar. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt hestamennsku og tengdrar þjónustu í sveitarfélaginu. Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd utan þjóðvega er umferð jafnan háð leyfi landeigenda. Helstu reiðleiðir eru sýndar á skipulagsuppráttum og á skýringarupprætti nr. 1 í viðauka.

Leiðir:

- *Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.*
- *Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.*
- *Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bíla-umferðar.*
- *Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsöröðun verkefna.*



Mynd 8. Gildurhagi - var áður í alfaraleið.

2.4.3 Gönguleiðir

Gangandi fólki er heimil för um land utan ræktaðs land, sbr. náttúruverndarlög nr. 60/2013. Góðar gönguleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu líferni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu.

Leiðir:

- *Merktar verði fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.*
- *Hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.*
- *Göngustígar verði lagðir út frá Flúðum að nálægum frístundabyggðum.*
- *Áhersla verður á að gera a.m.k. hluta Kóngsvegar að aðgengilegri gönguleið.*

Gert er ráð fyrir stikuðum gönguleiðum bæði á hálendi og í byggð, sjá skýringarupprátt nr. 1 í viðauka, sem m.a. byggja á leiðum á milli áhugverðra minjastaða.

2.4.4 Reiðhjólaleiðir

Hjólreiðar eru heimilar á vegum og þar til gerðum stígum sbr. náttúruverndarlög. Hjólaleiðir verða stöðugt mikilvægari sem samgöngumáti, sérstaklega í þéttbýli og nærumhverfi þess. Auk þess fjölga stöðugt þeim ferðamönnum sem ferðast um á reiðhjólum.

Leiðir:

- *Kortlagðar verði hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.*
- *Hluti leiðanna verði fjarri akvegum.*
- *Áhersla verði á uppbyggingu leiða um þéttbýlið á Flúðum og nærumhverfi.*
- *Áhersla er lögð á hringleiðir sem nýtast muni ferðaþjónustu, sem og íbúum.*

Gert er ráð fyrir reiðhjólástígum með helstu vegum s.s. Skeiða- og Gnúpverjavegi og Bræðratunguvegi. Þá verður skoðað með fjallahjólaleiðir m.a. í tengslum við ferðaþjónustu, sjá skýringarupprátt nr. 1 í viðauka.

2.4.5 Flugvellir

Sjá nánar kafla 3.3.4.

Niðurstaða umhverfismats áætlana vegna samgangna

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í meginráttum samhljóða stefnu í eldra aðalskipulagi, þó skerpt sé á ákveðnum hlutum.

2.5 VEITUR

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru veitur skilgreindar sem „vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Stofnlagnir eru sýndar á skipulagsupprætti en ekki er um tæmandi lista að ræða né heldur mikla nákvæmni. Unnið er að því að staðsetja lagnir nákvæmar og skrá þær í sameignlegan grunn sveitarfélaganna. Almennt er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir stofnlögnum. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppráttum sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri.

2.5.1 Vatnsveita

Fjölmargar samveitur eru starfræktar í sveitarfélaginu þó nokkur býli hafi eigið vatnsból. Meginveitan er Vatnsveita Flúða sem þjónar um 70% byggðarinnar. Veitan nýtir fjölmörg vatnsból en meginvatnsból eru við Hrunavöll og í Fagradal, við upptök Litlu-Laxár.

Stefna:

- Öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.
- Tryggð verði gæði vatns m.a. til matvælaíðnaðar.

Leiðir:

- Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból séu afgirt og engar framkvæmdir verði leyfðar sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum eða vatnsbólum.
- Unnið verður að auknu öryggi m.a. með því að fækka vatnsbólum þar sem vatnsverndarsvæði telst ekki fullnægjandi.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum í kafla 2.6.4 þar sem fjallað er um vatnsvernd.

2.5.2 Hitaveita

Nær öll íbúðarhús í Hrunamannahreppi eru hituð upp með jarðhita. Jarðhiti er mikið nýttur til iðnaðar og matvælaframleiðslu, aðallega til ræktunar. Sérveitur eru víða um sveitarfélagið en Hitaveita Flúða sér um stærstan hluta kerfisins. Fjórar borholur innan þéttbýlisins eru virkjaðar en einnig eru borholur víðar um byggðina.

Stefna:

- Öll byggðin verði tengd hitaveitu.
- Tryggt verði nægilegt heitt vatn til áframhaldandi uppbyggingar atvinnustarfsemi.

Leiðir:

- Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til upphitunar sem víðast í sveitarfélaginu.
- Unnið verður að áframhaldandi uppbyggingu stofnæða, eftir því sem eftirspurn leyfir í samráði við landeigendur.

Virkjaðar borholur eru víða um sveitarfélagið en ekkert meginvinnslusvæði.

2.5.3 Raflínur

Tvær 220 kV háspennulínur liggja um sveitarfélagið, frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði. Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK.

Stefna:

- Að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðustu verði.
- Að háspennulínur verði lagðar í jörð þar sem aðstæður leyfa.
- Leitast verði við að draga úr sjónrænum áhrifum loftlína á landslag.
- Háspennulínur skerði sem minnst aðra nýtingu lands.

Leiðir:


- Þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.
- Allar nýlagnir með 66 kV eða lægri spennu verði settar í jörð.
- Markvisst verði unnið að því að koma núverandi loftlínunum í jörð þegar línur eru endurnýjaðar eða framkvæmdir kalla á færslu raflína.

Háspennulínur eru eftirtaldar:

Háspennulínur	
Heiti	Lýsing
Sultartangalína 1	Liggur frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði. 220 kV lína.
Sultartangalína 3	Liggur samsíða Sultartangalínu 1. 220 kV lína.

Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærri spenna, því breiðara helgunarsvæði. Innan helgunarsvæðis er óheimilt að reisa mannvirki.

Háspennulínur, með flutningsgetu 66 kV eða meira eru matsskyldar skv. reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Raflínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfisskyldar og eftir atvikum tilkynningaskyldar s.s. á verndarsvæðum. Stofnlínur og strengir 33 kV og stærri eru sýndir á skipulagsuppdráttum.



Mynd 9. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

2.5.4 Fjarskipti

Fjarskiptaáætlun 2011 – 2022 gerir ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreiðsla og afköst verði tryggð. Þá verði settar fram tillögur að úrbótum sem greiði fyrir endurnýjun og uppbyggingu ljósleiðara- og aðgangsneta um land allt (*Alþingi Íslands, 2011*).

Mikill áhugi er á að íbúar eigi kost á háhraðatengingu um alla byggðina og að öflugu fjarskiptasambandi verði komið upp fyrir alla stofnvegi og helstu ferðamannasvæði.

Stefna:

- Tryggt verði fjarskiptasamband á helstu vegum og ferðamannasvæðum í byggð og á hálendinu.
- Tryggt verði ljósleiðarsamband um byggðina.

Leiðir:

- Unnið verði að því að öll byggð eigi möguleika á háhraðatengingu/ljósleiðara. Gerð verður áætlun um fyrirkomulag og valkosti varðandi ljósleiðaratengingar.
- Við endurnýjun lagna eða nýlagna verður gert ráð fyrir ljósleiðara samsíða öðrum lögnum.

Áhersla verði á bætt farsíma/fjarskiptasamband, sérstaklega á hálendi sveitarfélagsins. Núverandi fjarskiptamannvirki eru sýnd á skipulagsuppdráttum. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna nýrra fjarskiptamannvirkja sbr. kafla 2.2.8 og 4.1.3.

2.5.5 Fráveita

Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir mengun vegna fráveitu. Náttúrufarslegar aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig eðlilegast er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel, sbr. 18. gr. reglugerðar um fráveitur og skulp nr. 798/1999. Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar.

Stefna:

- Öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum.
- Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.

Leiðir:

- Gerðar verði verklagsreglur um fyrirkomulag frárennslismála við mismunandi aðstæður í dreifbýli í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Ef fráveituvatn frá einstökum húsum er ekki leitt í fráveitur þá verði því veitt í rotþró og siturleiðslu sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

Gerð er nánari grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.

2.6 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Í þessum kafla er fjallað um staði og svæði sem njóta einhvers konar friðunar eða verndar vegna náttúrufars eða menningar. Einnig þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun s.s. vegna hverfisverndar, vatnsverndar eða fornleifa.

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á, t.d. vegna náttúruverndar eða söguminja.

Í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir svæðum á náttúruminjaskrá og fjallað um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eða hverfisverndar vegna náttúrufars. Þá er nokkur fjöldi minja sem njóta verndar innan sveitarfélagsins. Gerð er grein fyrir þessum svæðum í aðalskipulaginu.

Í Hrunamannahreppi er eitt friðlýst svæði, 3 svæði á náttúruminjaskrá og nokkur hverfisverndar- og vatnsverndarsvæði. Fjallað er um verndarsvæði og minjar á Hrunamannafrétti í kafla 4.5.

2.6.1 Náttúruverndarsvæði

Samkvæmt VIII kafla laganna eru flokkar friðlýstra svæða eftirtaldir:

- Náttúruvætti
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu auðlinda

Samkvæmt 61. gr. laganna þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er:

- Votlendi 20.000 m² eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.

- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Þá ber, skv. 62. gr. laganna, að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og nánasta umhverfi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum, sem ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaganna taka til, eða þær kortlagðar og er skipulagsáætlunin því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ofangreindum landslagsgerðum. Um náttúruverndarsvæði gilda að öðru leyti ákvæði laga um náttúruvernd.

Stefna:

- **Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengi.**
- **Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólki verði gert kleift að njóta þessara verðmæta.**
- **Stuðlað verði að frekari verndun náttúruminja í samvinnu við Umhverfisstofnun.**

Leiðir:

- Skilgreina viðkvæm svæði og tryggja að álag vegna landnýtingar og átroðnings verði undir þolmörkum.
- Skilgreina þarf helstu náttúrufyrirbæri til að stuðla að verndun þeirra.
- Unnið verður að uppsetningu merkinga og gerð kynningarefnis m.a. til að vernda náttúru- og menningarminjar.
- Unnið verður að frekari verndun á austurbakka Hvítár við Gullfoss og gert ráð fyrir bættu aðgengi að fossinum.

Friðlýst svæði

Friðlýst svæði falla í nokkra flokka og er verndarstig þeirra mjög misjafnt og umgengnisreglur einnig. Flestar friðlýsingar eru grundvallaðar á lögum um náttúruvernd og um sum friðlýst svæði gilda sérstök lög. Forsenda fyrir friðlýsingu er að verndun sé mikilvæg vegna sérstaks landslags eða lífríkis. Almenningsi er leyfður aðgangur að friðlýstum svæðum eftir tilteknum reglum (*Alþingi Íslands, 1999*).

Gullfoss og nágrenni er eina friðlýsta svæðið í Hrunamannahreppi:

Friðlýst svæði	
Heiti	Lýsing
Gullfoss	Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan, að Selvörðu ræður girðing friðlandsins. skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979.

Svæði á náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt gildi-, félagslegt-, efnahagslegt-, eða menningartengt gildi. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróunarferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið ein-kennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta. Almennt gildir að mannvirkjagerð á svæðum

á Náttúruminjaskrá er tilkynningarskyld sbr. reglugerð nr. 660/2015. Eftirtalin svæði eru á náttúruminjaskrá og er lýsing á þeim tekin úr Náttúruminjaskrá. Númer og lýsing svæðanna vísa til náttúruminjaskrár og koma þau fram á skipulagsupphætti (*Umhverfisstofnun, 1996*).

Eftirtalin svæði í Hrunamannahreppi eru á náttúruminjaskrá:

Svæði á náttúruminjaskrá		
Nr.	Heiti	Lýsing sbr. náttúruminjaskrá
735	Austurbakki Hvítárgljúfurs	Bakinn ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. Fjölbreytt landslag.
736	Brúarhlöð	Árgljúfur Hvítar frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinna. Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.

2.6.2 Hverfisverndarsvæði

Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er að finna eftirfarandi skilgreiningu á hverfisverndarsvæði: „Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“ (*Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013*).

Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði að minjavernd, náttúruvernd og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins. Til endurheimtar landgæða má nefna uppgræðslu og gróðurvernd á áður grónum svæðum og endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa. Lögð er áhersla á að efla frumkvæði landeigenda, félagasamtaka og einstaklinga og að unnið sé í góðri sátt við aðliggjandi landeigendur og sveitarfélög.

Stefna:

- Lögð er áhersla á að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðapjónustu á svæðinu.
- Stuðlað verði að endurheimt landgæða.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendi.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu m.a. með skráningu og merkingu þeirra.
- Unnið verður að endurheimt votlendis, þar sem aðstæður leyfa.
- Hverfisverndarsvæði eru skilgreind og afmörkuð í aðalskipulagi.

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Tilgangur með hverfisvernd svæða er að stuðla að jafnvægi milli nýtingar og verndar. Um hverfisverndarsvæði gilda ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur, sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda. Fornminjum skal aldrei raska nema í samráði við Minjastofnun. Sveitarstjórn tekur mið af ákvæðum hverfisverndar við mat á framkvæmdar- og byggingaleyfisumsóknum og við gerð deiliskipulags.

Almenn ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru eftirfarandi:

- Hefðbundnar nytjar, s.s. ræktun, beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar í sveitarfélaginu.
- Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

- Mikilvægt er að nýting jarðhita og umgengni miðist við að varðveita sérkenni staðarins og viðhalda sérstöku gróðurfari hverasvæða.
- Þar sem hverfisvernd tekur til vatna og tjarna tekur verndarsvæðið að jafnaði til 50 m beltis á bökkum þeirra, auk vatnasvæðis.
- Röskun vot- og gróðurlendis er óæskileg, en sé það óhjákvæmilegt skal samsvarandi svæði endurheimt.
- Öll vélknúin umferð skal fylgja viðurkenndum leiðum. Sveitarstjórn er, heimilt að veita undanþágu vegna ákveðinna verkefna í samráði við Umhverfisstofnun. Þá er heimild til undanþágu aksturs utan vegar sbr. 31. gr. laga nr. 60/2013.

Nokkur mikilvæg svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna útivistargildis, sérstæðs náttúrufars og/eða náttúrufegurðar. Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsupphætti er tekið saman í töflu hér að neðan ásamt nánari skilmálum, þar sem það á við. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Svæði sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars		
Nr.	Heiti	Lýsing/skilmálar
HV4	Laxárgljúfur	Mikilfengleg gljúfur í Stóru-Laxá. Áin á upptök sín í Laxádrögum sunnan Kerlingarfjalla. Segja má að hin eiginlegu gljúfur byrji þar sem Leirá fellur í Stóru-Laxá úr norðri. Gljúfrin sjálf eru u.þ.b. 15 km löng niður að Hrunakrök efst við Laxárdal. Dýpt gljúfursins er 100-200 m. Þrengsti og efsti hlutinn nefnist Svartagljúfur. Á köflum eru gljúfurveggirnir þverhniptir til beggja handa en sums staðar er gljúfrið víðara. Þar má finna ýmsar þursabergsmyndanir og ber þar hæst Fögrutorfu sem er ofarlega í gljúfrunum. Gljúfrin eru víða torfær eða jafnvel ófær göngumönnum.
HV5	Miðfell	Aflangt móbergsfjall með sléttum hamrabrunum, 253 m á hæð. Áberandi, einkum úr suðri. Flúðir eru undir því að norðanverðu en byggðakjarninn Miðfellshefvi hefur skjól af því að sunnanverðu. Frekar djúpt aflangt vatn er ofan á fjallinu. Veiði er í vatninu.
HV6	Álfaskeið	Sunnan í Langholtsfjalli. Uppi á fjallinu er allstórt dalverpi. Dalbotninn er rennislétt vallendisflöt sem hallar lítið eitt móti suðri en umhverfis rísa grónar brekkur með þverhniptum hamrahöllum á þrjá vegu en opið til útsuðurs. Í norðurhluta Álfaskeiðs er stakur allhár hóll þar sem rís sérkennilegur nokkurra mannhæða hár kúlumyndaður klettur sem heitir Skinnhúfuklettur. Ungmennafélag Hrunamanna hefur stundað skógrækt á svæðinu frá því um 1940.
HV7	Hólahnjúkar	Stuðlabergsnáma þar sem námuvinnsla hefur verið í um 20 ár. Námuvinnslnunni er þannig háttað að eftir að henni lýkur verður unnt með hreinsun og viðeigandi frágangi að ná náttúrulegu yfirbragði að nýju þannig að vinnslustaðurinn yrði til prýði í landslaginu. Efnistöku skal miða að halda meginlínunum í landslagi og fella að landslagi eftir því sem kostur er. Halda skal vinnslusvæði lokuðu almennri umferð af öryggisástæðum.
HV8	Kópsvatn og Kópsvatnseyrar	Eitt af fáum lítt breyttum votlendissvæðum í byggð. Vatnið er lítið en með fjölbreyttu fuglalífi. Umhverfis vatnið er fremur mjó votlendisræma og fjær eru mýrablettir. Á Kópsvatnseyrum er allmikið varp, aðallega sílamávur og grágæs.
HV9	Álatjörn	Mýrlendi við Þverspyrnu og Hörgholt. Fuglalíf fjölbreytt, en tjarnirnar tvær eru í um 200 m h.y.s. Nokkuð bratt er að Álatjörn, en votlendi við báða enda hennar, sérstaklega að norðan. Svæðið er óræst. Hin tjörnin er sömuleiðis gróin niður á bakka og þar er nokkuð láglandi í kring.
HV10	Litla - Laxá	Falleg, bugðótt lindá, sem á upptök sín í Laxáarklettsveri inn af Stóraversöldu, fellur um Fagraðal og neðar um Flúðir áður en hún fellur í Stóru-Laxá, rétt ofan við ármót hennar og Hvítár. Áhersla á verndun votlendis og fuglalífs.
HV11	Stóra-Laxá	Áin á upptök sín í Laxádrögum (sjá HV4) og fellur á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Neðan brúar að Ósatanga. Eyjar, áreyrar og votlendi í og við Stóru-Laxá. Ýmsir votlendisfuglar finnast á svæðinu. Svæðið er mikilvægt fyrir farfugla.

HV12	Grafartjörn, Flúðum	Lítið bjúgvatn, þ.e. sveigmyndað vatn í gamalli árbugðu Litlu-Laxár. Tjörnin er óröskuð og er griðland fugla á vorin. Gildi tjarnarinnar er sérstakt vegna nálægðar við byggð og vegna fræðslugildis hennar. 50 m mörk hverfisverndarákvæða eiga ekki við hér á sama hátt og á öðrum hverfisverndarsvæðum en afmörkun er sýnd á uppdrætti
HV13	Hverahólmi	Hverasvæði við Litlu-Laxá í landi Hvamms. Á svæðinu vaxa sjaldgæfar plöntutegundir (flikruburi, fjóluhnokki, laugahnokki og vatnsnafli), sumar á válista.



Mynd 10. Gljúfur Stóru-Laxár nýtur hverfisverndar.

2.6.3 Menningarminjar

Þjóðminjar og fornminjar

Í þessum kafla er fjallað um friðlýstar fornminjar og fornminjar sem njóta hverfisverndar.

Þjóðminjar taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (Alþingi Íslands, 2012).

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er minjavernd skilgreind sem „svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á“ (Alþingi Íslands, 2012).

Samkvæmt 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu“ (Alþingi Íslands, 2012).

Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjar skv. 2. gr. laganna. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert

eða mannaverk eru á.“ Auk friðlýstra fornminja er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem eru vernduð í flokki hverfisverndar en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna.

- Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar.
- Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús sbr. 22. gr. laga um menningarminjar.

Við fornleifaskráningu er aflað heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði sem gefa til kynna eðli og veitir yfirlit um menningarminjar á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við eru jarðabækur, túnkort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Fornleifastofnun Íslands vann árið 2001 heimildarkönnun fyrir Hrunamannahrepp og voru skráðar upplýsingar um 1.094 fornleifastaði á 52 jörðum í sveitarfélaginu (*Sædís Gunnarsdóttir, 2001*). Friðlýstar fornleifar eru sýndar á aðalskipulagsuppdraetti. Unnið er að aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu. Minjar hafa verið skráðar á jörðunum Hrepphólum og Hruna ásamt þéttbýlinu á Flúðum. Helstu fornminjar á þessum svæðum eru sýndar á skipulagsuppdraetti. Gerð er grein fyrir öllum þekktum minjum á þessum svæðum á skýringaruppdraetti í viðauka.

Stefna:

- Allar fornminjar verði skráðar.
- Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.
- Þjóðminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar.
- Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Ennfremur verði hugað að verndun ýmissa eldri samgöngumannvirkja, s.s. Kónsvegarins frá 1907.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja og vatnsaflsvirkjana frá upphafi rafmagnsaldar.

Leiðir:

- Lokið verði við aðalskráningu fornminja á skipulagstímanum.
- Helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Gera fornar leiðir aðgengilegar sem göngu- og/eða reiðleiðir t.d. með því að finna og endurhlaða vörður, í samráði við Minjavörð.
- Kónsvegurinn verði verndaður og merktur fyrir fótgangandi ferðamenn þar sem hann er heillegur.
- Vinna að lagfæringu/viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkjum og vatnsaflsvirkjunum.
- Fornminjar verði merktar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þeim verði raskað.
- Kónsvegur verði merktur sem göngu- og reiðleið.

Friðlýstar þjóðminjar

Í Hrunamannahreppi eru eftirfarandi staðir friðlýstir samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, eru þeir merktir á aðalskipulagsuppdraetti en minnt á að öll mannvirki, 100 ára og eldri teljast til friðlýstra fornminja sbr. lögnum. Notað er númer minjanna skv. fornleifaskráningu, þar sem það á við:

Friðlýstar minjar		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-308:005	Hörgsholt	Forn bæjarrúst suðvestan í Árfelli ásamt fornlegum túngarðs-spotta hjá. Á síðari tímum hefur hér verið stekkur og stekkjartún. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.
ÁR-295:000	Tungufellskirkja	Byggð árið 1856. Friðuð 1. janúar 1990. Hefur ekki verið skráð skv. aðalskráningu og því ekki fengið skráningarnúmer.
ÁR-323:005	Hrepphólaakirkja	Byggð árið 1909. Friðuð 1. janúar 1990.
ÁR-312:002	Hrunakirkja	Byggð árið 1865. Friðuð 1. janúar 1990.
ÁR-323:006	Laxahjallstóft	Laxahjalls-tóft forn uppi á Hjallaási. Sbr. Árb. 1905: 34. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.
ÁR-321	Galtafell	Sumarhús Einars Jónssonar myndhöggvara friðlýst 2014. Ytra borð hússins og innréttingar eru friðlýstar. Hefur ekki verið skráð skv. aðalskráningu og því ekki fengið skráningarnúmer.



Mynd 11. Hrepphólaakirkja er friðlýst.

Hverfisvernd vegna fornminja

Í byggðahluta sveitarfélagsins er byggt á svæðisskráningu Fornleifastofnunar frá 2001 og aðalskráningu sem Fornleifastofnun vann af afmörkuðum svæðum í tengslum við gerð aðalskipulags. Hverfisvernd vegna fornminja er byggð á þessari skráningu og eru nokkrir minjastaðir sagðir „*sérlega áhugaverðir, hafa hátt rannsóknargildi eða falla vel til kynningar á fornleifum og fornum búskaparháttum*“ (Fornleifastofnun, 2015:207) og eru þeir staðir því hverfisverndaðir.

Ákvæði hverfisverndar vegna fornminja eru eftirfarandi:

- Nákvæm skráning fornminja skal fara fram áður en ráðist er í byggingarleyfisskyldar eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Skógrækt skal ekki fara nær þekktum fornminjum en 50 m.

- Kóningsvegur. Hluti vegarins hefur horfið undir tún og ræktun. Leiðin skal skráð og kortlögð og stefnt er að nýtingu vegarins sem göngu- og reiðleiðar. Veginum og vegstæðinu má ekki spilla með jarðraski eða ræktun.
- Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um þekktar fornminjar.

Eftirfarandi þjóðminjar eru skilgreindar sem hverfisvernd vegna fornminja í aðalskipulagi:

Hverfisvernd vegna fornminja		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-681:019	Kóningsvegur, Konungsvegur	Kóningsvegur var lagður 1906 og 1907 vegna komu Friðriks VIII Danakonungs. Leiðin lá frá Gullfossi, yfir Hvítá að Brúarhlöðum, niður Hreppa hjá Álfaskeiði og þar yfir Stóru-Laxá. Konungsvegur sem lagður var í tilefni af heimsókn Danakonungs árið 1907 liggur í gegnum Hrunamannahrepp frá Brúarhlöðum við Hvítá, litlu norðvestan við Högnastaði ÁR-316 og Gröf ÁR-315, yfir Litlu-Laxá og áfram til suðurs eftir Langholtsfjalli og svo að hreppamörkum við Stóru-Laxá. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910. Langholtsvegur 341 liggur á löngum kafla á sama stað og þessi vegur á milli Litlu-Laxár og Stóru-Laxár. Enn sér móta fyrir leiðinni á köflum. Vegurinn er markaður á uppdrátt þar sem hann er sýnilegur. Skilgreint er 10 m verndarsvæði kring um veginn þar sem gæta skal varúðar varðandi mannvirkjagerð og plöntun.
ÁR-313:007	Hrunalaug	Volg uppspretta. Á þriðja áratugnum var þar steypt baðkar við laugina sem notað var til að baða kindur gegn fjárkláða. Þessi laug hefur mikið verið notuð af almenningi. Hleðsla er fyrir ofan fjárbaðið og þarna hafa menn trúlega baðað sig fyrir á öldum. Öll umferð skal fylgja merktum stígum/leiðum um svæðið. Óheimilt er að raska umhverfi laugarinnar í allt að 10 m fjarlægð nema með heimild landeigenda og sv.stjórnar.
ÁR-313:025	Ás - rjórabú	Rústir rjórabús við Áslæk starfrækt var frá 1903-1926, minnismerki um mjög stutt ákveðið skeið í iðnsögu Íslands.
ÁR-313:038	Ás - rafstöð	Rafstöðin hjá Ási er mikilvægur minnisvarði um framþróun á sviði rafvæðingar en hún var reist fyrir miðja síðustu öld.
ÁR-312:024	Hruni - tóft	Tóftin uppá Hrunanum, sögð vera kirkjutóft og að sumra sögn kirkju þeirra sem sökk í jörð á jólanótt.
ÁR-313:033	Ás - rétt	Hellir í landi Áss þar sem hlaðið hefur verið upp vegg til að mynda aðhald / rétt.
ÁR-315:014	Gröf – Gamla-laugin	Gamla laugin var nýtt til þvotta og brauðbaksturs.
ÁR-315:020	Gröf - Vaðmálaver	Hver sem var nýttur til þvotta og brauðbaksturs.
ÁR-317:023	Hellisholt	Hver sem var nýttur til þvotta og brauðbaksturs.
ÁR-315:004	Gröf - Ljónastígur	Ljónastígur er gömul reiðleið yfir Högnastaðaás, hugsanlega gömul þjóðleið.
ÁR-314:016	Grafarbakki - tóft	Fornasel - seljatóftir, ein af fáum þekktum seljum.
ÁR-316:009	Högnastaðir - rúst	Innríhús - fjárhús/beitarús og garðlag í landi Högnastaða.
ÁR-317:007	Hellisholt - tóft	Launfit er talið nýbýli um 1630 í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Fór í eyði í lok 17 aldar.
ÁR-317:030 (:031)	Hellisholt - tóftir	Rústir við frisbíggolfvöll á Flúðum. Hutverk þeirra ekki þekkt en kann að hafa verið býli.
ÁR-315:010	Gröf - minjastaður	Fornufjós – líklega fjós allnokkuð frá bæ, landbrot við Litlu-Laxá hefur brotið hluta minjastaðar.
ÁR-323:044	Hólar - stekkur	Stekkur – skýrt afmarkaður og aðgengi gott.
ÁR-323:038	Hólar - beitarhús	Hnúkahús – skýrt dæmi um beitarhús.
ÁR-324:005	Hólakot	Áveita í landi Hólakots

2.6.4 Vatnsvernd

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði (Umhverfissráðuneytið, 1999).

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

I. flokkur - brunnsvæði

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

Á uppdrætti eru afmörkuð brunnsvæði við vatnsból. Leyfisskyld brunnsvæði skulu hafa afmörkuð grann- og fjarsvæði.

Brunnsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
VB1	Hruni	Vatnstökusvæði, nokkur vatnstökuból, m.a. fyrir byggðina að Flúðum / grann- og fjarsvæði.
VB2	Galtafell	Vatnstökusvæði norðvestan Galtafells – m.a. fyrir frístundabyggð, nágrennajarðir og byggðina á Flúðum / grann- og fjarsvæði.
VB3	Ásatún	Þrjú vatnstökusvæði, m.a. fyrir frístundabyggð, nágrennajarðir og byggðina á Flúðum.
VB4	Miðfellshverfi	Tvö vatnsból sem þjóna hverfinu / grann- og fjarsvæði.
VB5	Sólheimar	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB6	Kópsvatn	Vatnstökusvæði m.a. fyrir nágrennajarðir / grann- og fjarsvæði.
VB7	Fagridalur	Vatnstökusvæði m.a. fyrir byggðina á Flúðum / grann- og fjarsvæði.
VB8	Hlíð	Vatnstökusvæði, m.a. fyrir frístundabyggð og nágrennajarðir, / grann- og fjarsvæði.
VB9	Tungufell/Jaðar	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB10	Núpstún	Vatnstökusvæði m.a. fyrir nágrennajarðir, / grann- og fjarsvæði.
VB14	Galtafell/Smárahlíð	Tvö vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB15	Grafarbakki	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.

VB16	Þverspyrna	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB17	Reykjadalur	Vatnstökusvæði m.a. fyrir frístundabyggð, / grann- og fjarsvæði.
VB18	Reykjaflöt	Vatnstökusvæði m.a. fyrir nágrannajarðir, / grann- og fjarsvæði.
VB19	Kotlaugar	Vatnstökusvæði m.a. fyrir nágrannajarðir, / grann- og fjarsvæði.
VB20	Þórarinsstaðir	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB21	Skollagróf	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB22	Skipholt	Vatnstökusvæði. Þrjú vatnsból, / grann- og fjarsvæði.
VB23	Hvítárdalur	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB24	Haukholt	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB26	Berghylsfjall	Vatnstökusvæði m.a. fyrir byggðina á Flúðum / grann- og fjarsvæði.
VB32	Foss	Vatnstökusvæði.

II. flokkur - grannsvæði

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Verndarákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti“ (Umhverfisstofnun, 1999).

III. flokkur - fjarsvæði

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“ (Umhverfisstofnun, 1999).



Mynd 12. Á Miðfelli.

2.6.5 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í reglugerðinni er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtíamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

(Umhverfissráðuneytið, 1999).

Vatnasvæði í sveitarfélaginu hafa enn sem komið er ekki verið flokkuð.

Stefna:

- Áhersla er á verndun vatnasvæða í sveitarfélaginu.

Um vatnasvæði gilda eftirtalin verndarákvæði til varnar mengunar:

Leiðir:

- Öll vötn og tjarnir sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars eru felld undir flokk A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna sérstaks fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.
- Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkenndar rotþrær.
- Tryggja fullnægjandi meðferð skólps og áburðar, m.a. húsdýraáburðar, til að sporna við mengun.

Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerla-mengunar og áburðarefna á skipulagstímabilinu.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í megindráttum samhljóða stefnu í eldra aðalskipulagi.

2.7 NÁTTÚRUVÁ

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru svæði undir náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013a).

Fjallað er um náttúruvá í forsenduhefti aðalskipulagsins, kafli 2.6, þar sem gerð er grein fyrir jarðskjálftum og flóðum í Hvítá. Ekki er talið að önnur náttúruvá sé líkleg á svæðinu þótt öskufall geti að sjálfsögðu orðið eins og víðast á Íslandi.

Stefna:

- Helstu hættusvæði verði kortlögð.
- Byggð verði utan skilgreindra hættusvæða.
- Efla almannavarnir vegna mögulegra jarðskjálfta og flóða.
- Tryggja fjarskiptasamband fyrir björgunar- og eftirlitsaðila.
- Tryggja upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna.

Leiðir:

- Hættusvæði vegna jarðskjálfta og flóða verði kortlögð enn frekar.
- Sprungusvæði verði kortlögð á byggðarhluta sveitarfélagsins.
- Veita upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
- Íbúðarbyggð og sumarhúsabyggð verði ekki skipulögð á skilgreindum hættusvæðum.
- Tryggja öruggt fjarskiptasamband sem víðast á svæðinu, fyrir almenning og viðbragðsaðila svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.
- Bæta merkingar og upplýsingagjöf þar sem þess er þörf.

Eftirfarandi verklagsreglur ættu að draga mjög úr tjóni í skjálftahrinum.

- Hafa skal að leiðarljósi að byggja fremur lágreist hús.
- Á þekktum sprungusvæðum skal framkvæmdaaðili láta kanna bergsprungur áður en byggð er skipulögð og byggingarframkvæmdir hafnar. Ekki ætti að reisa mannvirki yfir sprungur eða stalla í berggrunninum.
- Byggingar (íbúðarhús, útihús eða frístundahús) skulu ekki reistar undir hömrum eða hlíðum þar sem hætta kann að vera á grjóthruni eða skriðum í jarðskjálftum.

Eftirfarandi gildir um byggingar á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna flóða:

- Huga þarf vel að undirlagi bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
- Ekki er heimilt að vera með kjallara undir íveruhúsum.

3 STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI - FLÚÐIR

Í grein 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er þéttbýli skilgreint sem „*svæði sem afmörkuð eru sem þéttbýli í aðalskipulagi sveitarfélags annaðhvort út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra eða með öðrum hætti eftir ákvörðun sveitarstjórnar*“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Flúðir er þjónustukjarni sveitarfélagsins og eina þéttbýlið. Skipulag á landi innan þéttbýlis einkennist af því að talsverður hluti lands er einkaland og þar er landbúnaðarstarfsemi aðal landnotkunin. Sveitarstjórn leggur áherslu á að efla uppbyggingu innan þéttbýlis, bæði með fjölbreyttu lóðaframboði og öflugri atvinnustefnu. Stefnan er að gera sveitarfélagið aðlaðandi til búsetu og atvinnuuppbyggingar. Í landsskipulagsstefnu er áhersla á að beina skuli meginuppbyggingu inn í þá kjarna sem fyrir eru í sveitarfélaginu. Þá kemur fram í stefnunni að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhátum.

Stefna:

- Efla þjónustuhlutverk þéttbýlis á Flúðum, þ.m.t. þeirra stofnana sem þar eru þannig að þjónustan nýtist sveitarfélaginu sem best.
- Að unnið verði markvisst að fegrun umhverfisins m.a. frágangi opinna svæða og frágangi gatna og göngustíga.
- Yfirbragð íbúðabygðar á hverjum stað taki mið af umhverfi sínu og að ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vandað til frágangs lóða.
- Að aðstaða til íþróttaiðkana verði eflað enn frekar.
- Að byggð í þéttbýli verði sem samfelldust til að tryggja góða nýtingu lagna- og gatnakerfis.
- Tryggja fjölbreytt framboð lóða fyrir mismunandi stærðir íbúða.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Stefna sveitarfélagsins tekur litlum breytingum með nýju aðalskipulagi, þó heldur sé dregið úr íbúðasvæðum og því telur sveitarstjórn ekki ástæðu til að meta sérstaklega þróun landnotkunar á Flúðum, nema hvað varðar gistingu enda eru áætlanir um verulega uppbygginu á gistingu.

Helsta breytingin er uppbygging þjónustusvæða á Bríkum og Högnastaðaási, sjá kafla 3.2.2.

Það verður skoðað, í samvinnu við önnur sveitarfélög, hvort útleiga íbúðarhúsnæðis til gistiþjónustu sé vandamál sem taka þurfi á og það verður þá gert með samræmdum verklagsreglum. Útleiga húsnæðis til gistiþjónustu er leyfis skyld starfsemi.

3.1 BYGGÐ

3.1.1 Íbúðarsvæði

Íbúðarsvæði á Flúðum eru nokkuð dreifð og er áhersla á að bæta tengingar að miðsvæði þéttbýlisins og þetta byggð á núverandi íbúðarsvæðum.

Leiðir:

- *Stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar.*
- *Bæta tengingar við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði og í samfellu við núverandi byggð.*
- *Gatnakerfið verði að jafnaði hannað þannig að hús geti staðið beggja vegna götu til að bæta nýtingu gatna- og veitukerfa.*
- *Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa hvað varðar íbúða- og húsagerðir.*
- *Lögð er áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi íbúðarbyggð og á auðum lóðum.*
- *Lágreist byggð, hús verði ekki hærri en 2-3 hæðir.*
- *Nýtingarhlutfall lóða verði á bilinu 0,2 til 0,8.*
- *Heimilt er að leigja út íbúðarhúsnæði í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016.*
- *Yfirbragð byggðar á hverjum stað taki mið af umhverfi sínu, ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vandað til frágangs lóða.*

Við deiliskipulag íbúðarsvæða er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar:

Húsagerðir	Íbúðir / ha	Nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 12	0,20 - 0,4
Raðhús og parhús	15 - 25	0,35 - 0,6
Fjölbýlishús (2-5 íbúðir)	25 - 35	0,50 - 0,8

Þéttleiki nýrrar íbúðarbyggðar skal vera 10 til 35 íbúðir á ha að götum og opnum svæðum meðtöldum.

Núverandi og ný íbúðarsvæði koma fram í eftirfarandi töflu:

Íbúðarbyggð					
Nr.	Heiti	Lýsing	Stærð	Byggt – íb.	Óbyggt – íb.
ÍB1	Stígar	Tekur yfir blandaða íbúðarbyggð á 1-2 hæðum við Ljónastíg, Smiðjustíg, Ásastíg, Högnastíg og Austurhof auk Högnastaða. Staðfest deiliskipulag. Nýtingarhlutfall er allt að 0,40.	11,6 ha	55	18
ÍB2	Hof	Tekur yfir blandaða íbúðarbyggð á 1-2 hæðum við Norðurhof, Miðhof og Suðurhof. Svæðið er nær fullbyggt skv. gildandi deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall er allt að 0,35.	3,2 ha	23	4

ÍB3	Vesturbrún	Tekur yfir Vesturbrún. Blönduð íbúðarbyggð í einbýlishúsum og raðhúsum á 1 hæð. Í hluta raðhúsa eru íbúðir fyrir aldraða, auk félagsaðstöðu. Staðfest deiliskipulag. Nýtingarhlutfall er allt að 0,40.	2,6 ha	20	8
ÍB4	Suðurbrún	Tekur yfir Suðurbrún. Fyrir liggur deiliskipulag, þ.á.m. fyrir 7 einbýlishúsaloðir á 2 hæðum. Nýtingarhlutfall er allt að 0,35.	2,1 ha	5	2
ÍB5	Túngata	Fyrir liggur deiliskipulag, þ.á.m. fyrir 12 einbýlishús á 1-2 hæðum. Á reitnum er einnig takmörkuð atvinnustarfsemi, þ.e. verkstæði og gróðurhús. Nýtingarhlutfall er allt að 0,40.	2,1 ha	8	4
ÍB6	Akurgerði	Tekur yfir Akurgerði. Deiliskipulag er fyrir vesturhluta svæðis þar sem eru einbýlishús á 1-2 hæðum, auk skrifstofuhúsnæðis. Á austurhlutanum verður blönduð íbúðarhúsabyggð á 1-2 hæðum. Nýtingarhlutfall er allt að 0,40.	2,1 ha	6	8-16
ÍB7	Bakkatún	Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 30 íbúðum í fjölbýli á nyrðri hluta svæðis og um 18 einbýlishús á 1 hæð, ásamt Reykás á syðri hluta. Einungis Reykás er byggður. Nýtingarhlutfall er allt að 0,40.	5,3 ha	1	47
ÍB8	Bríkur	Gert er ráð fyrir blandaðri einbýlis-, parhúsa og raðhúsabyggð á 1-2 hæðum. Einnig þjónustubyggingum tengdar ferðaþjónusta á allt að 1/4 hluta svæðisins. Nýtingarhlutfall verður breytilegt, á bilinu 0,05 - 0,40. Fyrir liggur deiliskipulag sem þarfnast endurskoðunar.	24,8 ha	1	40-80

Alls eru um 120 íbúðir byggðar á íbúðarsvæðum í þéttbýlinu en áætla má að um 130-180 séu óbyggðar. Vegna samsetningar þéttbýlisins þá eru einnig íbúðir á landbúnaðarsvæðum, miðsvæði á Flúðum og verslunar- og þjónustusvæðum (VP5 og VP6).

Spá um fjölgun íbúa í sveitarfélaginu miðast við háspá Hagstofu Íslands en þar er gert ráð fyrir 1,07% fjölgun íbúa á ári. Miðað við það verða 951 íbúi í Hrunamannahreppi í lok skipulagstímans. Íbúðarsvæði eru rífleg út frá þessu viðmiði. Markast það m.a. af því að mikil þörf er á íbúðarhúsnæði í uppsveitum Árnessýslu, m.a. vantar víða litlar íbúðir fyrir starfsfólk sem starfar tímabundið á svæðinu. Íbúðarsvæði eru heldur minnkuð frá eldra aðalskipulagi en þó er heimilt að byggja íbúðir í bland við aðra starfsemi á ákveðnum svæðum, m.a. miðsvæði.

3.2 ATVINNUSVÆÐI

Fjölbreytt atvinnustarfsemi er á Flúðum. Áfram verður megináhersla á nýtingu jarðhita en ferðaþjónusta fer ört vaxandi. Einnig mun staðurinn eflast sem þjónustumiðstöð fyrir nærumhverfið og ferðafólk.

Leiðir:

- Áfram verður áhersla á nýtingu jarðhita m.a. til matvælaframleiðslu.
- Sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. iðnað, frekari úrvinnslu landbúnaðarafurða, handverk, o.fl.
- Netsamband verði samkeppnishæft við það sem gerist best til að fjölga tækifærum til fjarvinnu og uppbyggingar fyrirtækja.

- *Unnið verði að uppbyggingu ferðapjónustu í samvinnu við ferðapjónustuaðila, landeigendur og íbúa í sveitarfélaginu.*
- *Efla úrvinnslu og sölu á ferskum afurðum.*
- *Þétting byggðar stuðli að styrkari atvinnustarfsemi innan Flúða.*
- *Starfsemin skal taka tillit til annarra íbúa og gæta þess að valda sem minnstu ónæði s.s. með hávaða- eða lyktarmengun.*

3.2.1 Landbúnaðarsvæði

Innan þéttbýlismarkna Flúða eru nokkur landbúnaðarsvæði. Landbúnaður á Flúðum er aðallega ylrækt, bæði í gróðurhúsum sem og utandyra og talsvert er um sölu á afurðum beint frá býli. Landbúnaðarland innan þéttbýlisins hefur ekki verið flokkað líkt og annað landbúnaðarland í sveitarfélaginu. Áfram er gert ráð fyrir að landbúnaður þróist innan þéttbýlis í sátt við íbúðarbyggð. Byggingar á landbúnaðarsvæðum verða með dreifbýlisyfirbragði, lágreist á 1-2 hæðum.

Landbúnaðarsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
L1	Garðastígur	Gróðrarstöðvar og ylrækt, þ.á.m. svepparæktun. Rúmlega 24 ha svæði. Svæðið er deiliskipulagt.
L2	Sunnuhlíð/Hvammur	Gróðrarstöðvar. Tæplega 12 ha svæði, deiliskipulagt að hluta.
L3	Grafarbakki	Blönduð landbúnaðarstarfsemi, aðallega gróðurhús. Skógrækt á syðsta hluta svæðis. Um 22 ha svæði.
L4	Brún / Laugarland	Ræktað land og gróðurhús. Svæðið er deiliskipulagt. Um 11 ha svæði.
L5	Melar	Ræktað land og gróðurhús. Svæðið er deiliskipulagt. Um 7 ha svæði.
L6	Flugvöllur	Land umhverfis flugvöll – heimilt til beitar og ræktunar. Um 10 ha svæði.

3.2.2 Verslunar- og þjónustusvæði

Gert er ráð fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu á afmörkuðum svæðum en einnig á miðsvæði Flúða, sjá kafla 3.2.9.

Verslunar- og þjónustusvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
VP1	Flugvöllur	Á svæðinu er flugskýli. Gert er ráð fyrir þjónustustarfsemi, einkum í tengslum við flug. Flugöryggissvæði takmarkar byggingar á hluta svæðis. Í deiliskipulagi skal taka tillit til hæðartakmarkana vegna flugöryggissvæðis. Stærð svæðis er um 3 ha.
VP2	Sneiðin	Hreinleg þjónustustarfsemi. Hæð bygginga er 1-2 og nýtingarhlutfall er 0,5. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 1 ha.
VP3	Garður	Gamla laugin. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á þjónustu við ferðamenn tengt rekstri sundlaugarinnar, m.a. bættri veitingaaðstöðu. Svæðið er deiliskipulagt og fer um 2 ha. Laugin og hverasvæðið nýtur hverfisverndar.
VP4	Högnastaða-ás	Lóð fyrir hótél- og veitingarekstur ásamt annarri þjónustu tengdri ferðapjónustu. Hótél verður lágreist (1 – 2 hæðir) og fellt að landi eftir því sem kostur er. Áætlað er að gisting verði fyrir allt að 200 manns. Á svæðinu eru einnig neysluvatnstankar fyrir byggðina sem verða stækkaðir. Stærð svæðis er um 5 ha.
VP5	Bríkur	Gert er ráð fyrir blandaðri landnýtingu ferðapjónustu og íbúðarbyggðar. Á svæðinu verður aðallega fjölbreytt verslunar- og þjónustustarfsemi á sviði affreyingar og heilsueflingar, en íbúðasvæði með áherslu á litlar íbúðir á allt að 1/3 hluta svæðisins. Gert verður ráð fyrir veitingarekstri og heilsuhóteli þar sem m.a. verður baðlón. Verslunar og þjónustubyggingar verða á 1 – 3 hæðum en íbúðarhús á 1-2 hæðum. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 400 manns á hóteli. Stærð svæðis er rúmir 6 ha.
VP6	Bríkur 2	Gert er ráð fyrir blandaðri landnýtingu, aðallega verslunar og veitingaþjónustu fyrir ferðamenn og íbúa en einnig er gert ráð fyrir íbúðum á allt að helmingi svæðisins. Byggingar verða á 1-2 hæðum. Stærð svæðis er um 5 ha.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Helsta breyting landnotkunar á Flúðum er uppbygging þjónustusvæða á Bríkum og Högnastaðaási þar sem gert er ráð fyrir gistipjónustu fyrir allt að 600 manns. Sveitarstjórn er meðvituð um að slík uppbygging hefur talsverð áhrif á samfélagið allt og að samhliða þarf að verða uppbygging á öðrum innviðum, s.s. íbúðum fyrir starfsmenn.

3.2.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Á Flúðum er nýlegt tjaldsvæði auk hjólhýsasvæðis. Tjaldsvæði og önnur ferðatengd þjónusta er mjög öflug á Flúðum.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF1	Tjaldsvæði	Tjald- og hjólhýsasvæði ásamt þjónustumiðstöð. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð er um 15 ha.

3.2.4 Samfélagsþjónusta

Almenn þjónusta s.s. mennta- og heilbrigðisþjónusta. Á Flúðum er grunnskóli, leikskóli, félagsmiðstöð og félagsheimili sem eru staðsett á miðsvæði, sjá kafla 0.

Leiðir:

- Efla samstarf við nágrannasveitarfélög um rekstur hjúkrunarheimila.
- Unnið verði að eflingu á sviði öldrunarmála; að öldruðum gefist færi á að njóta ævikvölds í heimabyggð.

3.2.5 Íþróttasvæði

Íþróttasvæðin eru fjögur á Flúðum.

Leiðir:

- Aðstaða til íþróttaiðkana og útivistar verði efla enn frekar.

Íþróttasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
Íþ1	Íþróttamiðstöð	Á svæðinu er íþróttavöllur, íþróttahús og sundlaug. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Stærð svæðis er um 4 ha.
Íþ2	Ungmennafélagsvöllur	Knattspyrnuvöllur ásamt aðkomu og bílastæði. Stærð svæðis er tæpir 2 ha.
Íþ3	Torfdalur	Á svæðinu er reiðvöllur og reiðhöll. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Hluti svæðis er deiliskipulagður. Stærð svæðis er tæpir 6 ha
Íþ4	Hesthúsasvæði	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 12 hesthús. Stærð svæðis er um 7 ha.



Mynd 13. Reiðhöll og reiðvöllur á Flúðum.

3.2.6 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir léttri iðnaðar- eða verslunarstarfsemi sem hefur litla mengunarhættu í för með sér. Tvö athafnasvæði eru á Flúðum.

Athafnasvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
AT1	Sneiðin	Athafna- og þjónustuverfi. Á svæðinu eru 11 lóðir af mismunandi stærðum sem henta mismunandi starfsemi. Svæðið er deiliskipulagt og að stórum hluta byggt. Nýtingarhlutfall er allt að 0,4. Stærð er um 4 ha.
AT2	Iðjulslóð	Svæði fyrir hreinlega athafnastarfsemi. Hluti svæðis er skipulagður fyrir 24 lóðir, mögulegt að sameina lóðir. Stærð svæðis 11 ha.

3.2.7 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Lögð er áhersla á góða umgengni og að mengun, s.s. jarðvegs-, lyktar- og hljóðmengun verði haldið í lágmarki. Þrjú iðnaðarsvæði eru á Flúðum.

Iðnaðarsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
I1	Flatir	Svæði ætlað fyrir grófan iðnað, söfnun og förgun úrgangs s.s. heimilissorps og seyru. Staðfest deiliskipulag fyrir hluta svæðis. Í deiliskipulagi skal taka tillit til takmarkana vegna flugöryggissvæðis. Stærð svæðis er 18 ha.
I2	Torfdalur	Um 4 ha svæði. Þar er m.a. Límtrésverksmiðja og spennistöð og hreinsivirki fráveitu. Möguleg stækkun mannvirkja verksmiðjunnar skv. gildandi deiliskipulagi.
I3	Langitangi	Hreinsivirki fráveitu. Stærð svæðis um hálfur hektari.

3.2.8 Opin svæði

Gert er ráð fyrir opnum svæðum m.a. til gönguferða og annarrar útivistar. Gert er ráð fyrir að helstu stígar séu malarbornir.

Leiðir:

- Unnið verði markvisst að fegrun og aðgengi þéttbýlis með frágangi opinna svæða og frágangi gatna og göngustíga.
- Yfirbragð byggðar á hverjum stað taki mið af umhverfi sínu, ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vandað til frágangs lóða.

Í tillögunni eru eftirtalin svæði skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota:

Opin svæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
OP1	Lækjargarðurinn	Útivistarsvæði þar sem er m.a. trjásafn, Skútinn, kvenfélagsreitur og ungmennafélagsgarður þar sem t.d. er folfvöllur (frisbívöllur). Stærð svæðis er um 6 ha.
OP2	Hryggjarholt	Svæði til útivistar og trjáplöntunar. Stærð svæðis er tæpir 3 ha.
OP3	Högnastaðaás/Litla-Laxá	Svæðið er til útivistar og trjáplöntunar í Högnastaðaás. Innan svæðis er m.a. vatnstankar fyrir byggðina. Stærð svæðis er tæplega 21 ha.
OP4	Vesturbún/Litla-Laxá	Svæði til útivistar, m.a. með bökkum Litlu-Laxár, stærð um 3 ha
OP5	Langitangi/Litla-Laxá	Útivistarsvæði með Litlu-Laxá. Ræktað land að hluta, um 7 ha svæði.

3.2.9 Miðsvæði

Miðsvæðis á Flúðum eru allar helstu verslunar- og þjónustustofnanir sveitarfélagsins. Svæðið liggur beggja vegna Litlu-Laxár og stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu þjónustustarfsemi beggja vegna árinna.

Leiðir:

- Byggingar verði að jafnaði láreistar, hús 1 til 3 hæðir.
- Nýtingarhlutfall lóða verði á bilinu 0,5 til 1,0.
- Yfirbragð byggðar taki mið af umhverfi sínu, ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vandað til frágangs lóða.

Miðsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
M1	Miðbær	Á svæðinu er hótell, verslun, veitingahús, skrifstofa sveitarfélagsins, grunnskóli, leikskóli, félagsheimili og slökkvistöð. Innan svæðis eru lítil spennuvirki, borholur og fleiri veituvirki sem felld eru sem best að umhverfi sínu. Einnig gert ráð fyrir íbúðum, m.a. á efri hæð húsa. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 6 ha.
M2	Gröf	Svæði fyrir verslun og þjónustu en einnig verður gert ráð fyrir íbúðum, m.a. á efri hæð. Lágreist byggð 1-3 hæðum. Lóðastærðir eru 500 – 2000 m ² og nýtingarhlutfall lóða 0,5 – 1,0. Stærð svæðis er um 6 ha.
M3	Litla-Laxá	Svæðið er óbyggt, gert ráð fyrir þjónustu/afþreyingu s.s. safni. Rúmur hektari að stærð.



Mynd 14. Í Lækjargarði á Flúðum.

3.3 SAMGÖNGUR

Samkvæmt 9. gr. vegalaga nr. 80/2007, m.s.br. þá eru sveitarfélagsvegir vegir í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar (Alþingi Íslands, 2007).

3.3.1 Vegir

Skeiða- og Hrunamannavegur (nr. 30) liggur í gegn um Flúðir og er stofnvegur. Þá tengist Langholtsvegur (nr. 341), sem er tengivegur inn á Skeiða- og Hrunamannaveg. Húsagötur eru umferðagötur innan hvers hverfis og tengja þær byggðina við tengi- og/eða stofnvegi.

Leiðir:

- *Að unnið verði að frágangi gatna- og göngustíga; að bundnu slitlagi verði komið á allar götur, gangstéttar lagðar og götulýsingu komið á.*
- *Að leitast verði við að hanna gatnakerfið innan þéttbýlisins með þeim hætti að það nýtist sem best og spara þar með kostnað við gatnagerð og veitulagningu.*
- *Auka öryggi gatnakerfis m.a. með því að lagfæra gatnamót Langholtsvegur við Skeiða- og Hrunamannaveg.*

3.3.2 Reiðleiðir

Reiðleiðir liggja í tengslum við reiðhöllina og hesthúsasvæðið, auk þess sem gert er ráð fyrir reiðleiðum með Litlu-Laxá. Á skipulagsupphætti eru sýndar meginleiðir og aðrar reiðleiðir.

Leiðir:

- *Að meginreiðleiðir séu ofaníbornar og jafnvel upplýstar.*
- *Net göngu-, reið- og hjólræðastíga verði vandað og tengist útivistarsvæðum.*

3.3.3 Gönguleiðir

Allnokkrar gönguleiðir eru á Flúðum sem miða að góðum tengingum aðliggjandi frístundasvæða að miðsvæði Flúða.

Leiðir

- *Megin gönguleiðir verða malbikaðar og upplýstar.*
- *Lögð er áhersla á að fjölga gönguleiðum og tengja þær útivistarsvæðum.*
- *Setja göngubrýr á Litlu-Laxá í samvinnu við landeigendur og ferðaþjónustuaðila.*

3.3.4 Flugvöllur

Flugvöllir flokkast í fjóra flokka skv. 4 gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007; flugvöll I, flugvöll II, þyrfluflugvöll og landingarstað. Flugvöllir í flokki I þurfa rekstrarleyfi, aðrir flokkar flugvalla eru skráningarskildir (Samgönguráðuneytið, 2007).

Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir: Hindranaflötur flugvallar er svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er takmörkunum á hæð mannvirkja og gróðurs vegna flugtaks og landinga sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998 m.s.br.


Eini skráði flugvöllurinn í sveitarfélaginu er á Flúðum. Þá er flugvöllur skammt norðan Kerlingarfjallavegar, innan sveitarfélagsmarka Bláskógabyggðar. Fjallað er um flugvelli og kröfur til þeirra í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

Leiðir:

- Áhersla á að hægt verði að bæta aðstöðu við flugvöll við Flúðir.
- Viðhalda flugbrautum í öryggisskyni, m.a. við veg inn í Kerlingarfjöll í samvinnu við Bláskógabyggð.
- Að efla í skipulagi möguleika til flugreksturs í tengslum við flugvöllinn á Flúðum.

Flugvellir og landingarstaðir		
Nr.	Heiti	Lýsing
FV1	Flúðir	Flugvöllur (BIFL) sem mikið er notaður til einka- og kennsluflugs og þjónar bæði heima- mönnum og ferðamönnum. Aðstaða Flugklúbbs Flúða. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu svæðisins í þágu flugs. Hindranafletir flugvallarins eru sýndir á Mynd 15. og á skipulagsupprætti. Innan þeirra eru takmarkanir á hæð mannvirkja með tilliti til flugtaks og landinga. Stærð svæðis er um 10 ha.

Taka þarf tillit til aðflugssvæðis flugvallarins, (Mynd 15) öryggissvæðis við gerð deiliskipulags á aðliggjandi svæðum. Fjallað er um öryggissvæði í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.



Mynd 15. Hindranafletir flugvallarins á Flúðum.

3.4 VEITUR

Á Flúðum er hitaveita en alls eru átta borholur innan þéttbýlismarkanna. Holræsakerfi er tvöfalt, annars vegar fyrir vatn og hins vegar fyrir skolp. Allar lagnir á Flúðum liggja í jörð. Örbylgju-
netsamband er á Flúðum. Sjá nánar umfjöllun um veitur í kafla 2.5.

Leiðir:

- Fjarskipti verði samkeppnishæf við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu m.a. til að fjölga atvinnu-
möguleikum og tækifærum til fjarvinnu.
- Raflínur verða lagðar í jörð.

3.5 VERNDARSVÆÐI

Almennt er fjallað um verndarsvæði, minjasvæði og skilmála fyrir þau í kafla 2.6.

Gerð er grein fyrir hverfisvernd vegna náttúruminja innan þéttbýlismarka, HV12 og HV13, í kafla 2.6.2. Nokkur minjasvæði eru innan þéttbýlis að Flúðum og gerð er grein fyrir þeim svæðum, ásamt öðrum minjasvæðum í kafla 2.6.3.

4 STEFNUMÖRKUN Á HÁLENDI

Hrunamannafréttur er upprekstrarland bænda auk þess sem veiði er nokkuð stunduð þar. Þá er sífellt meiri umferð um svæðið þar sem ferðafólk sækir í náttúru landsins. Unnið er að uppgræðslu, m.a. í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Fyrir liggur, skv. skipulagslögum, nr. 123/2013, að sveitarstjórnir skuli annast gerð svæðis- aðal- og deiliskipulagsáætlana skv. 3 gr. laganna og í 4 gr. að hlutverk Skipulagsstofnunar sé m.a. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina við gerð skipulagsáætlana. Skv. 10 gr. kemur fram að ráðherra leggi fram landsskipulagsstefnu innan tveggja ára frá kosningum þar sem samþætta skuli áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana ella skal færa rökstudda grein fyrir af hverju það sé ekki gert.

Fyrir liggur Landskipulagsstefna 2015-2026. Í landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram að stuðlað skuli að verndun hálendisvæða með sérstöðu þess að leiðarljósi og áhersla á að mannvirki skerði víðerni sem minnst.

Að mati sveitarstjórnar væri eðlilegt að afmörkun hálendisvæðis sveitarfélagsins fylgi afmörkun þjóðlendulínu Hrunamannafréttar, sem unnin var skv. úrskurði Óbyggðanefndar frá 21. mars 2002. Sú afmörkun fylgir betur náttúrulegum mörkum en núverandi hálendislína, ákveðið hagræði er að skipulagsmörk fylgi eignamörkum, upp að vissu marki og einnig er sú hálendislína í samræmi við stefnu Svæðisskipulags Miðhálandis 2015 þar sem markmiðið var að draga línu milli heimalanda og afrétta. Í ljósi tilmæla Skipulagsstofnunar, sbr. bréf 10. sept. 2017 og enn frekari tafa sem af því gætu hlotist, hefur verið ákveðið að afmörkun hálendis muni fylgja áfram núverandi hálendislínu, eins og tiltekið er í landsskipulagsstefnu.

Á hálendinu er megin landnotkunin óbyggt svæði. Hér á eftir er sett fram stefnumörkun fyrir hálendi.

Stefna

- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.
- Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Stefnt er að auknu öryggi á hálendisvæðum sveitarfélagsins.
- Unnið er að friðlýsinga Kerlingarfjalla.

Leiðir

- Áhersla er lögð á að viðhald vega og uppbygging mannvirkja taki mið af umhverfinu og falli sem best að landi.
- Unnið verður að sjálfbærri gróðurframvindu og endurheimt náttúrulegra vistkerfa í samráði við Landgræðslu ríkisins.
- Áfram verður unnið að uppgræðsluverkefnum í samræmi við gæðastýringu í sauðfjárrækt.
- Veiðar verði áfram stundaðar með ábyrgri nýtingu og umgengni um landið.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.

- *Við endurbyggingar / nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.*
- *Unnið verður að bættu fjarskiptasambandi á afréttinum, þ.m.t. á Kerlingarfjallasvæðinu.*
- *Bæta öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstrartíma til að leita þar skjóls.*

Að öðru leyti er vísað í ákvæði tiltekinna landnotkunarflokka varðandi nánari útlistun á nýtingu afréttarins.

Helstu breytingar sem fyrirhugaðar eru á hálendinu snúa að því að unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins (kaflí 4.5.1), gert er ráð fyrir uppbyggingu ferðapjónustu í Kerlingarfjölum (kaflí 4.1.1), endurbótum á helstu vegum (4.3.1) og nýjum efnisnánum (kaflí 4.1.4) í tengslum við þá vegagerð. Þá eru fjallaskálar skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (kaflí 4.1.2).

Sveitarstjórn telur að uppbygging á Hrunamannaafretti sé nauðsynleg þar sem álag á viðkvæma náttúru er mikið vegna mikillar fjölgunar ferðamanna sem þangað sækja. Fyrir liggur að fjölgun þjónustustaða á hálendinu er ekki í neinum takti við þá heildarfjölgun ferðamanna sem orðið hefur frá því að Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 var unnið.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Sveitarstjórn leggur áherslu á uppbyggingu samhliða áframhaldandi verndun afréttarins sem lítt snortins svæðis. Neikvæð áhrif af uppbyggingu kunna til lengri tíma litið, að verða mun minni takist vel til með skipulag og rekstur þjónustu heldur en ef ekki verður ráðist í uppbyggingu. Auk þess leggur sveitarstjórn áherslu á að tryggja sem best öryggi og upplýsingagjöf til þeirra sem um svæðið fara og það er best gert með góðri skipulagningu svæðisins og starfsemi á svæðinu.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofunni og Ferðamálastofu hefur fjöldi ferðamanna tífaldast á árunum 1995 til 2015 eða úr 190.000 í 1.190.000. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna miðað við spá greiningardeildar Arion-banka og reyndar fleiri spár. Þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna sem koma til Íslands vill sveitarstjórn eingöngu beina uppbyggingu á hálendinu að þeim megin svæðum sem fyrir eru. Það eru; Kerlingarfjöll og Svínárnes og nýta frekar betri og öruggari vegi, reið- og gönguleiðir til að þeir staðir, ásamt öðrum minni gististöðum nýtist til að mæta þeirri fjölgun ferðamanna sem orðið hefur. Þar sem verið er að byggja upp á þeim stöðum sem fyrir eru í dag þá er ekki gert ráð fyrir neikvæðum áhrifum á víðerni.

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að sinna viðhaldi og eðlilegri uppbyggingu leiða um afréttinn. Efnistaka á hálendi hafi takmörkuð neikvæð umhverfisáhrif sé vel að henni staðið og betra sé að taka efni sem næst framkvæmdastað fremur en að flytja efni lengra að. Mikilvægt er við alla uppbyggingu á hálendinu að mannvirki falli vel að landi og að draga eins og kostur er úr raski á framkvæmdatíma. Tillaga um friðlýsingu Kerlingarfjalla er í samræmi við meginlínu sem var í gildandi aðalskipulagi um Kerlingarfjöll og deiliskipulag sem unnið var fyrir uppbyggingu á hálendismiðstöð þar, en ákvæði verndarsvæðis verða endurskoðuð ef þörf er á m.a. vegna niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, sem nú er í ferli.

Þar sem ekki er til afmörkun á víðernum skv. nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013, né skilgreining á uppbyggðum vegum eða gönguskálum þá eru víðerni ekki sýnd í aðalskipulaginu.

4.1 ATVINNUSVÆÐI

4.1.1 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind.. Varðandi stefnumörkun er vísað til kafla 2.2.2.

Skógræktar- og landgræðslusvæði		
Nr.	Svæði/jörð	Lýsing
SL1	Gullfoss	Landgræðslusvæði, stærð er um 1020 ha.

4.1.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

Stefna:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu.
- Þjónusta verði efld og afþreyingarmöguleikum fjölgað, m.a. til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag ferðamannasvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.
- Stuðlað verði að bættri nýtingu fjallaskála.

Leiðir:

- Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að nýta þau tækifæri sem fyrir eru.
- Bæta þjónustustig á hálendis- og fjallaskálum.
- Unnið verði deiliskipulag og lóðir afmarkaðar, m.a. fyrir skála á hálendinu.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli ferðamannasvæða.
- Byggingar geta verið á einni til tveim hæðum.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum.
- Við skipulag ferðamannasvæða verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gangvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Tryggja sem best umferðaröryggi um hvert svæði og einnig aðkomu að því.
- Útfærðar verði hjóla-, reið- og gönguleiðir, m.a. til að bæta nýtingu þeirra innviða sem fyrir eru.

Kerlingafjöll eru skilgreind sem hálendismiðstöð í Landsskipulagstefnu 2015-2026. Á hálendis- miðstöðvum er gert ráð fyrir rekstri gistingar og tjaldsvæða en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. Svínárnes fellur undir skilgreiningu skálasvæða skv. landsskipulagsstefnu. Á skálasvæðum er gert ráð fyrir gistingu í gistiskálum auk tjaldsvæða, fræðslu og eftirlits. Önnur uppbyggingasvæði á hálendinu falla undir skilgreiningu fjallaselja samkvæmt landsskipulagsstefnu. Við ákvörðun um staðsetningu fjallaselja skal tekið mið af því að fjarlægð milli jaðar- og hálendismiðstöva, skálasvæða og fjallaselja sé jafnan hæfileg dagleið fyrir göngufólk. Þjónustustarfsemi í fjallaseljum getur falist í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits. Öll ferðaþjónustusvæði á miðhálendinu er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulaginu í samræmi við skipulagsreglugerð.

Svæði sem flokkuðust sem hálendismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel í svæðisskipulaginu eru nú skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við landsskipulagsstefnu. Við

endurgerð bygginga og gerð nýrra bygginga verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Gert er ráð fyrir svigrúmi til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í þeirra stað. Gera skal ráð fyrir upplýsinga- og snyrtiaðstöðu og að allt að 50 manns geti gisti í húsum á hverjum stað. Þó er einungis gert ráð fyrir að 30 manns geti gisti í Grákollu og Efri-Kisubotnum.

Æskilegt er að fjölga afþreyingarmöguleikum á hálendinu, m.a. til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.

Svæðin eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF1	Klakksskáli	Fjallasel - Áningarstaður á gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis er allt að 1 ha.	Afréttur
AF2	Fosslækur	Fjallasel - Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Tjaldsvæði. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF3	Leppistungur	Fjallasel - Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF4	Mikluöldubotnar	Fjallasel - Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF5	Frægðarver	Fjallasel - Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF6	Rofshólar	Fjallasel - Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF7	Heiðará	Fjallasel - Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF8	Helgaskáli	Fjallasel - Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 50. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF9	Heiðarvatn	Veiðihús og tveir gistiskálar – stærð um 1 ha.	Hrunaheiðar
AF10	Efri-Kisubotnar	Fjallasel – Áningarstaður á gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll. Á staðnum er lítið hús. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á gistingu og snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha.	Afréttur
AF11	Grákollur	Fjallasel – Áningarstaður á gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll. Gistirúm allt að 30. Stefnt að uppbyggingu á gistingu og snyrtiaðstöðu á allt að 1 ha svæði.	Afréttur
AF13	Hveradalir Kastali/Keis	Fjallasel í Kerlingarfjölum þar sem gert er ráð fyrir endurbyggingu og stækkun skála fyrir gistingu, einnig byggingu snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis er um 1 ha.	Afréttur
AF14	Svínárnes	Skálasvæði, stefnt að uppbyggingu gistiþjónustu með allt að 85 gistirúm í skála og/eða litlum húsum, auk veitingareksturs og tjaldsvæðis. Einnig uppbygging á aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila og upplýsingagjöf. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Afréttur
AF15	Kerlingarfjöll	Gert er ráð fyrir hálendismiðstöð með aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila, upplýsingar, auk fjölbreyttrar afþreyingar- veitinga- og gistiþjónustu. Boðið verður upp á gistingu á tjaldsvæði, í gistiskálum og hótél/gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti af gistiframboðs og falli að öllu leyti að kröfum um	Afréttur

	óbyggðaupplifun. Gert er ráð fyrir að allt að 300 gestir geti gisti í húsum. Gert er ráð fyrir að metið verði hvort halda skuli í núverandi ásýnd svæðis og yfirbragð mannvirkja eða móta nýtt yfirbragð með það að markmiði að styrkja ásýnd svæðisins. Unnið er að umhverfismati fyrir uppbyggingu starfseminnar. Stærð svæðis er allt að 20 ha. Unnið er að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið en einnig tengjast aðrar leiðir og afþreyingarsvæði í Kerlingarfjöllum Ásgarðs-svæðinu.	
--	---	--

Æskilegt er að gera skýran greinarmun á uppbyggingu ferðamannastaða á Hrunamannafrétti eftir umfangi þjónustunnar. Í Kerlingarfjöllum er gert ráð fyrir uppbyggingu s.s. veitingaþjónustu og gistingu fyrir allt að 300 manns í húsum/hótelum sem hluta gistingar auk tjaldsvæðis, auk þess sem gera þarf ráð fyrir góðri kynningarastöðu og aðstöðu fyrir eftirlits- og öryggisaðila, starfsmenn auk þess sem gera má ráð fyrir ýmskonar afþreyingarstarfsemi í tengslum við skíða- iðkun, hjóla-, hesta-, gönguferðir, verslun ofl.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Í umhverfisskýrslu er lagt mat á uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendi sveitarfélagsins. Í tengslum við uppbyggingu í Kerlingarfjöllum er fyrirhuguð bygging fjallasels við Grákoll en það er nýr áningarstaður á svokallaðri Hringleið, sem er megingönguleið umhverfis Kerlingarfjöll. Staðsetning skálans er miðuð við að dagleiðir séu hæfilega langar. Í Efri-Kisubotnum er lélegur skáli sem þjónar sambærilegu hlutverki á Hringveginum, en þörf er fyrir frekari uppbyggingu þar.

Með því að byggja upp ferðaþjónustu á Hrunamannafrétti er að einhverju leyti komið til móts við ört vaxandi ferðamannastraum en gera má ráð fyrir að umferð um svæðið verði enn meiri á komandi árum. Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun ferðamanna á svæðinu svo núverandi skálar og þjónustustaðir anna vart eftirspurn. Þá hefur krafa ferðamanna um betri aðbúnað og meiri þjónustu aukist. Fyrirhuguð uppbygging mun því bæta úr brýnni þörf. Einnig stuðlar aukin viðvera á ferðamannastöðum á afréttinum að verndun og eftirliti með viðkvæmum svæðum í náttúrunni.

Stefnt er að allverulegri uppbyggingu í Kerlingarfjöllum í ágætri samvinnu við Bláskógabyggð, en megin aðkomuvegur liggur um Biskupstungnafrétt. Þá verður öll þjónusta í Kerlingarfjöllum bætt verulega, þar með talið endurbygging og bætt aðstaða í núverandi byggingum auk endurbyggingar á húsum. Hafið er mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar og uppbyggingar Hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum og verður litið til niðurstöðu þess varðandi uppbyggingu á svæðinu. Öll uppbygging verður í samræmi við skilmála svæðisins sem m.a. koma fram í drögum að skilmálum friðlýsingar, dagsett í ágúst 2016 auk þess sem gert er ráð fyrir að unnin verði verndaráætlun fyrir svæðið, verði af friðlýsingu þess.

Engin útfærsla á víðernum liggur fyrir skv. nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013, s.s. hvaða mannvirki takmarki víðerni. Þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á núverandi þjónustustöðum, auk nýrra gönguskála við Grákoll og í Efri-Kisubotnum, þá er ekki gert ráð fyrir að uppbyggingin hafi áhrif á víðerni, umfram það sem er í dag.

Áhersla er lögð á að við endurgerð bygginga og byggingu nýrra húsa verði haft að leiðarljósi að byggingar nýtist sem best fyrirhugaðri starfsemi samhliða því að útlit, lögun og litaval falli sem best að þeirri náttúru og landslagi sem fyrir er. Ekki er æskilegt að binda sig í fjölbreytt byggingaform núverandi húsa sem byggð voru fyrir margt löngu, nema þau þyki eftirsóknaverð vegna útlits eða menningarlegs gildis. Mikilvægt er við alla uppbyggingu á hálendinu að mannvirki falli vel að landi og að draga eins og kostur er úr raski á framkvæmdatíma.

Sveitarstjórn telur að uppbygging á hálendinu sé nauðsynleg þar sem álag á viðkvæma náttúru er mikið vegna fjölgunar ferðamanna sem þangað sækja. Neikvæð umhverfisáhrif kunna til lengri tíma litið að verða mun minni takist vel til með skipulag og rekstur þjónustu heldur en ef ekki verður ráðist í uppbyggingu. Auk þess leggur sveitarstjórn áherslu á að tryggja sem best öryggi og upplýsingagjöf til þeirra sem um svæðið fara og það er best gert með góðri skipulagningu svæðisins og starfsemi á svæðinu. Mikilvægt er við alla uppbyggingu á hálendinu að mannvirki falli vel að landi og að draga eins og kostur er úr raski á framkvæmdatíma.

Fyrirhuguð uppbygging samræmist þeirri stefnu sveitarstjórnar að fjölga afþreyingarmöguleikum ferðamanna m.a. til að lengja dvöl þeirra. Samhliða því fjölgar atvinnutækifærum í greininni og einnig fjölgar atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu með fjölgun ferðamanna og lengri dvöl þeirra.

4.1.3 Stakar framkvæmdir á hálendi

Undanfarin ár hefur verið eftirspurn eftir því að byggja stök mannvirki sem ekki tengjast beint þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Þetta á t.d. við um fjarskiptamöstur, örvirkjanir og þjónustuhús.

Heimilt er að ráðast í stakar framkvæmdir án þess að skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir fjarskiptamöstur og örvirkjanir. Þá verður heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnissvæði.

Á óbyggðum svæðum er heimilt, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu, að veita leyfi fyrir stökum mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Gert er ráð fyrir að í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru og minjar og samfélag. Huga þarf vel að sýnileika slíkra bygginga og mögulega hljóðmengun. Þá skal leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þar sem þau skerða ekki víðerni.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- **Fjarskiptamöstur.** Á óbyggðum svæðum er heimilt að reisa allt að 20 m há möstur ásamt nauðsynlegu aðstöðuhúsi allt að 20 m², lögnum og vegum að þeim.
- **Örvirkjanir.** Á óbyggðum svæðum er heimilt að reisa örvirkjanir (allt að 100 kW) í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- **Hitaveita.** Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW.
- **Neysluvatn.** Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- **Þjónustuhús og kynningaraðstaða.** Heimilt er að útbúa áningarstaði við vegi/slóða, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, þ.e. meginleiðum sem sýndar eru í aðalskipulagi. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Þá er heimilt að hafa áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir.



Mynd 16. Hús í Hrunakróki.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi. Að jafnaði skulu lóðir vera undir 1,0 ha að stærð.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla 2.1.1). Ganga þarf vel frá lögnum, s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Nauðsynlegt er að heimila ýmsar minni framkvæmdir vegna rekstur eða til öryggismála og vill sveitarstjórn veita ákveðið svigrúm til þess, án þess að afmarka sérstaklega viðkomandi landnýtingarflokk í aðalskipulagi. Snýr þetta m.a. að fjarskiptum, örvirkjunum, heita- og kaldavatnsveitum, lögnum og þjónustuhúsum sem m.a. geta nýst til upplýsingar, sem salerni eða til eftirlits. Gert er ráð fyrir örvirkjunum og vatnsveitum til að styrkja rekstur s.s. þjónustustarfsemi til að ekki þurfi að nýta eldsneytisknúnar rafstöðvar eða langa lagnaleið. Gott fjarskiptasamband er nauðsynlegt í öryggisskyni en nýtist einnig vel til afþreyingar og í rekstri.

4.1.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“.

Stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða.
- Efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og góðan frágang.

Leiðir:

- Efnistaka/efnislosun er óheimil nema að fyrir liggi framkvæmdaleyfi.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Að jafnaði verði ekki efnistaka á friðlýstum svæðum, svæðum á náttúru-minjaskrá eða hverfisverndarsvæðum.

- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulagi eru til mismunandi nota og gert ráð fyrir að þær uppfylli fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Þetta á bæði við um malarnám, sandnám og grjótnám.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi, s.s. efnislosun, háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal, skv. 7. gr. laganna, gera grein fyrir stærð og afmörkun efnistöku-svæðis, áætluðu efnismagni, dýpt námu, vinnslutíma og frágangi efnistökuastaðar að vinnslutíma loknum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Efnistaka skal vera í samræmi við aðalskipulag.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda. Öll efnistöku- og efnislosunarsvæði eru tilkynningaskyld, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

- Svæði þar sem efnistaka eða efnislosun raskar 50.000 m² eða stærra svæði eða er 150.000 m³ eða meiri.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Efnistaka/efnislosun á verndarsvæðum.
- Þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri.
- Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður sömu framkvæmdar ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Öll önnur efnistaka, þ.e. efnistaka/efnislosun undir 50.000 m³ eða er undir 25.000 m² svæði.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:

- Jarðefni er auðlind og nýta skal það efni sem best er til framkvæmdar fallið.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Ekki verði unnið nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að heildarsvipmót landslagsheildar raskist sem minnst.
- Að takmarka sem mest sýnileika frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku-/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Áætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög.
- Góð umgegning um námu á framkvæmdatíma dregur úr sjónrænum áhrifum og hættu á foki.
- Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður.

- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Eftirfarandi staðir á Hrunamannaafrétti eru skilgreindir sem efnistökusvæði:

Efnistökusvæði					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að ...)	Stærð m ² (allt að ..)	Jörð
E39	Ásgarðsá	Malarnáma Efni skal einungis nýta innan hverfisverndarsvæðis HV1.	25000	10000	Kerlingarfjöll
E40	Smyrilshamar	Malarnáma Efni skal einungis nýta innan hverfisverndarsvæðis HV1.	5000	5000	Kerlingarfjöll
E41	Fremri- Ásgarðsá	Malarnáma Efni skal einungis nýta innan hverfisverndarsvæðis HV1.	25000	10000	Kerlingarfjöll
E42	Klakkskvísl	Malarnáma Efni skal einungis nýta innan hverfisverndarsvæðis HV1.	5000	5000	Kerlingarfjöll
E43	Öræfakvísl	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E44	Kerlingaflatir	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E45	Tindslækur	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E46	Fosslækur	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E47	Grjótá	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E48	Litlilækur	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E49	Mosalda	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E50	Rauðá	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E51	Skyggnishólar	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E52	Sandá	Malarnáma	15000	5000	Hrunamannafr
E53	Merarskeið	Malarnáma	15000	5000	Hrunamannafr
E54	Búrfell 3	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E55	Búrfell 2	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E56	Búrfell	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E57	Búðará	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E58	Blákvísl	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E59	Melrakkaá	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E60	Melrakkatunga	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E61	Melrakkatunga 2	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E62	Heiðará	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr
E63	Leirá	Malarnáma	5000	5000	Hrunamannafr

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Í umhverfisskýrslu er lagt mat á efnistöku á Hrunamannaafrétti. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að sinna viðhaldi og eðlilegri uppbyggingu leiða um afréttinn. Efnistaka á hálendi hafi takmörkuð neikvæð umhverfisáhrif sé vel að henni staðið og betra sé að taka efni sem næst framkvæmdastað fremur en að flytja efni lengra að. Neikvæð umhverfisáhrif eru helst þau að ásynd svæðis breytist og þá er nokkur hættu á jarðvegsfoki, einkum á framkvæmdatíma. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að efnistaka á hálendinu verði að jafnaði úr litlum námum, sem næst vegsvæði og að gengið verði frá hverju efnistökusvæði fyrir sig strax að efnistöku lokinni.

4.2 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

4.2.1 Óbyggð svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“. Stærsti hluti óbyggðra svæða eru afréttur þar sem er sumarreit sauðfjár. Stór hluti óbyggðra svæða nýtur einhvers konar verndar, samhliða því að þar er stunduð landgræðsla, bæði í formi uppgræðslu og beitarstýringar. Ferðamönnum á afréttinum hefur fjölgað nokkuð stöðugt undanfarin ár. Ferðamennska á afréttinum byggir m.a. á núverandi vegslóðum sem eru í misjöfnu ástandi. Þá eru leitarmannahús nýtt til gistingar.

Stefna:

- **Stuðlað verði að vistvænni nýtingu á afréttum.**
- **Bæta öryggi ferðamanna á hálendinu.**
- **Styrkja innviði svæðisins og um leið að vernda viðkvæmt land.**
- **Stuðla að góðu viðhaldi og hóflegri endurnýjun innviða m.a. til að stýra umferð ferðamanna.**

Leiðir:

- Hófleg uppbygging ferðapjónustu í tengslum við helstu ferðaleiðir og leitarmannahús.
- Hófleg beit verði áfram á afréttinum í samræmi við gæðastýringu í sauðfjárrækt.
- Tryggja betra farsímasamband á hálendissvæðum sveitarfélagsins.
- Bæta leiðbeiningar og merkingar vegna leiða um hálendissvæði sveitarfélagsins.

Landnotkunin óbyggð svæði er ríkjandi landnotkun á afrétti og fer víðast saman með mismunandi verndarsvæðum, s.s. náttúruvernd eða hverfisvernd. Beitarnot eru almennt heimil á óbyggðum svæðum, en beitarnýting eru þau landnot sem eiga sér lengsta hefð á hálendinu. Dregið hefur úr beitarálagi á síðustu áratugum vegna breytinga á búskaparháttum og er æskilegt að létta enn frekar á beit á illa grónum svæðum. Í samvinnu við Landgræðsluna er unnið að beitarstjórn og/eða friðun á viðkvæmustu svæðum afréttarins og er land friðað til landgræðslu (sjá kafla 2.2.2).

Hrunamannafréttur er með staðfesta landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt í samræmi við reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013. Stefnt er að því að halda þeirri vottun eða annarri sambærilegri. Áfram verður unnið að uppgræðslu og gripið til frekari beitarstýringar gerist þess þörf.

Heimilt er að reisa stök mannvirki á óbyggðum svæðum, eins og lýst er í kafla 4.1.3.

4.3 SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjóla-leiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins „... í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins“.

Almennir stígar teljast „...vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga“ skv. 10. grein laganna (*Alþingi Íslands, 2007*).

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli

tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Unnið hefur verið yfirlit yfir vegi á Hrunamannafrétti í tengslum við verkefnið „Ávallt á vegi“ og er aðalskipulagið í samræmi við þá niðurstöðu, að viðbættum slóða að tveimur afþreyingarsvæðum (sjá skýringarupprátt í viðauka).

Í „Vegvísi í ferðaþjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannaleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið³.



Mynd 17. Tungufellsdalur.

Stefna:

- Hugað verði sérstaklega að „grænum“ samgöngumáta í þeim tilgangi að fjölga möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum. Umferð valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.
- Hugað verði að legu göngu- og reiðleiða með tilliti til annarrar umferðar.

Leiðir:

- Á verndarsvæðum og óbyggðum svæðum er áhersla á að vegir verði felldir sem best að landslagi.
- Lögð er áhersla á endurbætur á vegum sem liggja að fjölförnum ferðamannastöðum.
- Aðskilja sem mest umferð vélknúinna ökutækja frá gangandi og ríðandi umferð.

³ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðaþjónustunnar, 2015).

4.3.1 Vegir á Hrunamannafrétti

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptast vegir á hálendi annars vegar í landsvegi sem eru almennir vegir sem tilheyra engum af ofangreindum flokkum og þar skal „...*einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum*“. Hins vegar eru stofnvegir á hálendi sem „...*mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu*“ (Alþingi Íslands, 2007).

Engir stofnvegir eru á Hrunamannafrétti. Vegir um hálendið flokkast ýmist sem landsvegir eða sem slóðar. Sveitarstjórn vill byggja lítilla upp vegi á hálendinu og að viðhald og uppbygging vega miði að því að þeir nái að losa af sér vatn, liggi sem best í landi og að sjónræn áhrif verði áfram lítil. Sveitarstjórn er hlynnt því að Kerlingarfjallavegur verði byggður lítilla upp og lagður slitlagi.

Skipulagsstofnun telur, skv. bréfi dags. 14. nóv. 2017, „*ekki tímabært að Hrunamannahreppur setji fram staðbundna stefnu um uppbyggingu fjallvega eða uppbyggða vegi með bundnu slitlagi á miðhálendinu, áður en skipulags- og samgöngufyrirvöld á landsvísu hafa lagt fram greiningu á kostum varðandi þróun og útfærslu samgöngukerfis miðhálendisins. Þar til slík vinna hefur farið fram er í landsskipulagsstefnu gengið út frá því að unnið sé samkvæmt þeirri stefnu í vegamálum sem sett var fram í Svæðisskipulagi Miðhálendisins 2015. Í svæðisskipulaginu var gert ráð fyrir að aðrar meginleiðir um hálendið en stofnvegir skyldu að jafnaði vera ruddir eða ofaníborni vegir þar sem hættulegustu ár væru brúaðar*“.

Í samræmi við ofangreint gerir sveitarstjórn ráð fyrir að vegir á hálendinu séu ofaníbornir og að hættulegustu ár séu brúaðar.

Landsvegir/Fjallvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
F347	Kerlingarfjallavegur	Liggur milli Kjalvegur og Kerlingarfjalla, að mestum hluta innan marka Bláskóga-byggðar. Vegurinn skal vera ofaníborinn og hættulegustu ár brúaðar.
	Vegur norðan, austan og sunnan Kerlingarfjalla	Fjallvegur sem liggur frá Hveradölum norðan og síðan austan og sunnan Kerlingarfjalla, inn á veg um Hrunamannafrétt við Innri-Rauðá. Liggur að hluta til innan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Erfiðustu og viðkvæmstu hlutar leiðarinnar skulu ofaníbornir og hættulegustu ár brúaðar.
	Aðrir vegir um Hrunamannafrétt	Fjallvegur upp hjá Jaðri/Tungufelli, um Leppistungur og áfram vestan Kerlingarfjalla og á Kerlingarfjallaveg nr. F347. Vegurinn verður ofaníborinn og hættulegustu ár brúaðar.

Á skipulagsupprætti fyrir Hrunamannafrétt eru sýndir vegir og slóðar sem flokkaðir voru í verkefninu „Ávallt á vegi“. Einnig má sjá vegi með takmörkunum á skýringarupprætti nr. 8. Helstu vegir úr byggð er upp frá Jaðri/Tungufelli sem skiptist svo er kemur upp með Innri – Rauðá. Ein leið liggur norður með Jökulfalli norður að skálasvæði í Kerlingarfjölum. Önnur leið liggur til austurs um afréttinn norður fyrir Kerlingarfjöll og til vesturs að hálendismiðstöð í Kerlingarfjölum og Kerlingarfjallavegi. Þessar leiðir svara til flokkunar landsvega sbr. landsskipulagsstefnu en þar kemur fram að það sé; „...*í svæðisskipulaginu skilgreint net svokallaðra fjallvega sem svaraði til landsvega skv. vegalögum. Þeir skyldu að jafnaði vera ruddir eða ofaníbornir vegir þar sem hættulegustu ár væru brúaðar og vera opnir skemur en stofnvegirnir*“. Meginleiðin að hálendismiðstöð í Kerlingarfjölum liggur þó um Kjalveg, upp Biskupstungnafrétt og um Kerlingarfjallaveg nr. F347. Samhliða er áhersla á að vegir falli vel að landi og að sjónræn áhrif og skerðing víðerna verði sem minnst.

4.3.2 Reiðleiðir

Helstu reiðleiðir eru kortlagðar og fylgja þær gjarnan vegslóðum, smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Megin reiðstígar tengja saman byggð og hálendi. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt hestamennsku og tengdrar þjónustu í sveitarfélaginu. Helstu reiðleiðir á hálendinu eru sýndar á skipulagsuppdraetti.

Leiðir:

- *Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.*
- *Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsörðun verkefna.*

4.3.3 Gönguleiðir

Gangandi fólki er heimil för um land utan ræktaðs land, sbr. náttúruverndarlög nr. 60/2013. Góðar gönguleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu líferni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu.

Leiðir:

- *Merktar verði fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðapjónustu.*
- *Hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.*

Gert er ráð fyrir stikuðum gönguleiðum á hálendi.

4.3.4 Reiðhjólaleiðir

Hjólreiðar eru heimilar á vegum og þar til gerðum stígum sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Þeim ferðamönnum sem ferðast um á reiðhjólum fer stöðugt fjölgandi.

Leiðir:

- *Kortlagðar verði hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.*
- *Hluti leiðanna verði fjarri akvegum.*
- *Áhersla á hringleiðir sem nýtast muni ferðapjónustu, sem og íbúum.*

Skoðað verður með fjallahjólaleiðir m.a. í tengslum við ferðapjónustu.

4.4 VEITUR

Fjallað er um raflínur á hálendinu í kafla 2.5.3, fjarskipti í kafla 2.5.4. og fráveitu í kafla 2.5.5.

4.5 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Í þessum kafla er fjallað um staði og svæði sem njóta einhvers konar friðunar eða verndar vegna náttúrufars eða menningar. Einnig þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun s.s. vegna hverfisverndar, vatnsverndar eða fornleifa. Fjallað er um verndarsvæði í kafla 2.6.

Ekkert friðlýst svæði er á Hrunamannaafrétti en unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjalla. Eitt svæði er á náttúruminjaskrá og nokkur hverfisverndar- og vatnsverndarsvæði.

4.5.1 Náttúruverndarsvæði

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Fjallað er um náttúruvernd í kafla 2.6.1.

Stefna:

- **Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengi.**
- **Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólki verði gert kleift að njóta þessara verðmæta.**
- **Stuðlað verði að frekari verndun náttúruminja í samvinnu við Umhverfisstofnun.**

Leiðir:

- *Skilgreina viðkvæm svæði og tryggja að álag vegna landnýtingar og átroðnings verði undir þolmörkum.*
- *Skilgreina þarf helstu náttúrufyrirbæri til að stuðla að verndun þeirra.*
- *Unnið verður að uppsetningu merkinga og gerð kynningarefnis m.a. til að vernda náttúru- og menningarminjar.*
- *Skipulag Kerlingarfjallasvæðisins takmarkast af friðlýsingarskilmálum svæðisins.*

Friðlýst svæði

Ekkert friðlýst svæði er á Hrunamannafrétti en unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Svæði á náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt gildi-, félagslegt-, efnahagslegt-, eða menningartengt gildi. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróunarferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið ein-kennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta. Almennt gildir að mannvirkjagerð á svæðum á Náttúruminjaskrá er tilkynningarskyld sbr. reglugerð nr. 660/2015. Eftirtalin svæði eru á náttúruminjaskrá og er lýsing á þeim tekin úr Náttúruminjaskrá. Númer og lýsing svæðanna vísa til náttúruminjaskrár og koma þau fram á skipulagsupphætti (*Umhverfisstofnun, 1996*).

Eftirtalið svæði á Hrunamannafrétti er á náttúruminjaskrá:

Svæði á náttúruminjaskrá		
Nr.	Heiti	Lýsing sbr. náttúruminjaskrá
732	Kerlingarfjöll	Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisu-botna og Mosdal. Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði. Unnið er að friðlýsingu svæðisins.

Önnur náttúruvernd

Í 46 gr. náttúruverndarlaga er fjallað um að heimilt sé að friðlýsa óbyggð víðerni og þá með það að markmiði að varðveita og viðhalda einkennum svæðisins. Í lögnum eru óbyggð víðerni eru skilgreind sem: „*svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum veggum*“. Víðerni eru ekki afmörkuð á skipulagsupphætti, enda hafa þau ekki verið afmörkuð skv. nýjum lögum.

Í 6. gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er fjallað um verndarflokk virkjunarkosta. Svæði sem skilgreind eru í verndarflokki sbr. gildandi áætlun (Rammaáætlun) eru felld undir flokkinn önnur náttúruverndarsvæði í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Svæðunum er lýst í erindi til Verkefnisstjórnar um þriðja áfanga rammaáætlunar (*Orkustofnun,*

2015). Unnið er að heildarfriðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins, þ.e. svæði sem tekur yfir hverfisverndarsvæði merkt er sem HV1. Þetta svæði nær m.a. yfir virkjanahugmyndir sem eru í verndarflokki; Ö1 til Ö5.

Svæði í Hrunamannahreppi sem lenda í verndarflokki eru eftirtalin:

Önnur náttúruvernd – svæði í verndarflokki		
Nr.	Heiti	Lýsing sbr. rammaáætlun
ÖN1	Gýgjarfossvirkjun	Tilhögun virkjunar tók til um 14 m ² lóns við Blánípu, í um 690 m hæð. Vatni yrði veitt um 7 km löng göng niður fyrir Gýgjarfoss þar sem yrði virkjað. Afmörkun verndarsvæðis liggur ekki fyrir og því er svæðið sýnt þar sem stíflumannvirki í Jökulkvísl hefðu risið.
ÖN2	Neðri-Hveradalir	Hverasvæði, svæðið greinist í Vesturdali, Miðdali og Austurdali.
ÖN3	Hverabotn	Hverasvæði, suðaustan í Mæni.
ÖN4	Kisubotnar	Hverasvæði suðaustan til í Kerlingarfjölum, kennt við Kisubotna og Bríkargil.
ÖN5	Þverfell	Svæði norðaustan Kerlingarfjalla, við Þverfell.
ÖN6	Bláfellsvirkjun	Gert var ráð fyrir stíflu í Hvítá við Lambafell, norðaustan við Bláfell og að nýta Hvítárvatn sem miðlunarlón. Vatni yrði veitt um göng í gegnum Bláfell og virkjun yrði neðanjarðar í Fremstaveri. Stærð virkjunar yrði um 76 MW.

Svæði í verndarflokki eru sýnd á uppdrætti en ekki afmörkuð sérstaklega enda hafa þau ekki verið skilgreind en staðsetning þeirra ákvörðuð í samræmi við kynnt drög (*Landsnet, 2015*).

4.5.2 Hverfisverndarsvæði

Fjallað er um hverfisverndarsvæði og almenn ákvæði hennar í kafla 2.6.2.

Stefna:

- Lögð er áhersla á að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.
- Stuðlað verði að endurheimt landgæða.
- Stuðlað verði að því að viðhalda víðernum á hálendinu.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendi.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu m.a. með skráningu og merkingu þeirra.
- Við uppbyggingu þjónustusvæða á hálendinu verði hugað að ásýnd mannvirkja, m.a. varðandi útlit og litaval og lögð er áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi.
- Hverfisverndarsvæði eru skilgreind og afmörkuð í aðalskipulagi.

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Tilgangur með hverfisvernd svæða er að stuðla að jafnvægi milli nýtingar og verndar. Um hverfisverndarsvæði gilda ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur, sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda. Fornminjum skal aldrei raska nema í samráði við Minjastofnun. Sveitarstjórn tekur mið af ákvæðum hverfisverndar við mat á framkvæmdar- og byggingaleyfisumsóknum og við gerð deiliskipulags.

Almenn ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru eftirfarandi:

- Hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar í sveitarfélaginu.
- Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

- Mikilvægt er að nýting jarðhita og umgengni miðist við að varðveita sérkenni staðarins og viðhalda sérstöku gróðurfari hverasvæða.
- Þar sem hverfisvernd tekur til vatna og tjarna tekur verndarsvæðið að jafnaði til 50 m beltis á bökkum þeirra, auk vatnasvæðis.
- Röskun vot- og gróðurlendis er óæskileg, en sé það óhjákvæmilegt skal samsvarandi svæði endurheimt.
- Öll vélknúin umferð skal fylgja viðurkenndum leiðum. Sveitarstjórn er, heimilt að veita undanþágu vegna ákveðinna verkefna í samráði við Umhverfisstofnun. Þá er heimild til undanþágu aksturs utan vegar sbr. 31. gr. laga nr. 60/2013.

Nokkur mikilvæg svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna útivistargildis, sérstæðs náttúrufars og/eða náttúrufegurðar. Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsuppdætti er tekið saman í töflu hér að neðan ásamt nánari skilmálum, þar sem það á við. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Svæði sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars		
Nr.	Heiti	Lýsing/skilmálar
HV1	Kerlingarfjöll/ Leppistungur	Landslagsheild suðvestan Hofsjökuls, suður fyrir Kerlingarfjöll. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag. Svæðið nær meðal annars inn í friðland Þjorsárvera og tekur yfir Kerlingarfjöll sem eru á náttúrumínjaskrá (732). Unnið er að friðlýsingu svæðisins í samvinnu við nágrannasveitarfélög og Umhverfisstofnun og afmörkun þess skilgreind ásamt friðlýsingarskilmálum. Stærð rúmlega 330 km² Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs og hina sérstöku náttúru Kerlingarfjalla og óheimilt er að dreifa framandi tegundum s.s. plöntutegundum sbr. Reglugerð 583/2000. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi fólks um verndarsvæðið. Ríðandi mönnum er aðeins heimil för á merktum reiðleiðum, vegum eða slóðum. Hundar skulu vera undir tryggni stjórn og ekki valda truflun fyrir gesti eða dýralíf. Umferð reiðhjóla er heimil á vegum slóðum eða stígum svo ekki hljóttist af náttúruspjöllum. Óheimilt er að tjalda utan merktra tjaldsvæða nema hvað göngufólki er heimilt að göngutjöldum en gæta þess að valda ekki spjöllum á náttúrunni. Mannvirki skulu, sem kostur er, miða að verndarsvæðið verði sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar. Heimild er til takmarkaðrar orkunýtingar en eingöngu til nota innan verndarsvæðis. Allar nýjar framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar. Engar nýjar framkvæmdir eru heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi.
HV2	Miklumýrar/ Töskuver/ Ábótaver	Stór lítt snortin votlendissvæði með fjölbreyttum votlendisgróðri, taka m.a. yfir svenfndar Miklumýrar, Töskuver og Ábótaver. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag. Stærð er rúmlega 170 km². Óheimilt er að hrófla við votlendi á svæðinu. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi fólks um verndarsvæðið. Óheimilt er að fara með hrossarekstur um svæðið utan skilgreindra reiðleiða. Engar framkvæmdir heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi
HV3	Búrfellsmýrar- Búðará	Stór lítt snortin votlendissvæði norðan Búðarár, Búðarárdrög og Búrfellsmýrar. Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs. Stærð svæðis er rúmlega 45 km². Óheimilt er að hrófla við votlendi á svæðinu. Sveitarstjórn getur sett takmarkanir á umferð m.a. gangandi og ríðandi umferð um verndarsvæðið. Óheimilt er að fara með hrossarekstur um svæðið utan skilgreindra reiðleiða. Engar framkvæmdir heimilaðar nema að undangengu deiliskipulagi

4.5.3 Menningarminjar

Þjóðminjar og fornminjar

Í þessum kafla er fjallað um friðlýstar fornminjar og fornminjar sem njóta hverfisverndar. Almennt er fjallað um fornminjar í kafla 2.6.3.

Fornleifar á hálendinu voru skrásettar í tengslum við svæðisskipulag miðhálandisins.

Stefna:

- Allar fornminjar verði skráðar.
- Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.
- Þjóðminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar.
- Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir.

Leiðir:

- Lokið verði við aðalskráningu fornminja á skipulagstímanum.
- Helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Gera fornar leiðir aðgengilegar sem göngu- og/eða reiðleiðir t.d. með því að finna og endurhlaða vörður, í samráði við Minjavörð.
- Fornminjar verði merktar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þeim verði raskað.

Friðlýstar þjóðminjar

Á Hrunamannafrétti eru eftirfarandi staðir friðlýstir samkvæmt lögum um menningarminjar, eru þeir merktir á aðalskipulagsupprætti en minnt á að öll mannvirki, 100 ára og eldri teljast til friðlýstra fornminja sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Notað er númer minjanna skv. fornleifaskráningu, þar sem það á við:

Friðlýstar minjar		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-683:017	Laugahvamar (Laugahvammur)	Hrunamannafrétt. Sbr. Árb. 1896: 5-8: Árb. 1898, fylgirit: 56. Skjal undirritað af MP, þinglýst 1927.
ÁR-683:018	Þórarinsstaðir	Fyrir innan Stangará. Sbr. Árb. 1896: 5-8: Árb. 1898, fylgirit: 56. Skjal undirritað af MP, þinglýst 1927.
ÁR-683:002	Búðarárbakki	Á suðausturbakka Búðarár. Sbr. Árb. 1896: 5-8: Árb. 1898, fylgirit: 56. Skjal undirritað af MP, þinglýst 1927.

Hverfisvernd vegna fornminja

Allir þeir staðir og svæði sem skilgreind eru sem þjóðminjasvæði í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru felld undir hverfisvernd vegna fornminja. Byggt er á skrá Fornleifastofnunar Íslands um menningarminjar á miðhálandi Íslands. Í henni eru allir þekktir staðir sem falla undir skilgreiningu laga um menningarminjar nr. 80/2012 og heimildir eru til um en skráin byggir ekki á vettvangsathugunum og er því ekki tæmandi. Í svæðisskipulagi miðhálandisins er lagt til að gerð verði sérstök verndar- og kynningaráætlun á lykilstöðum, minjasvæðum og minjastöðum sem eru merkir fyrir menningarsögu landsins.

Ákvæði hverfisverndar vegna fornminja eru eftirfarandi:

- Nákvæm skráning fornminja skal fara fram áður en ráðist er í byggingarleyfisskyldar eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Skógrækt skal ekki fara nær þekktum fornminjum en 50 m.
- Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um þekktar fornminjar.

Eftirfarandi þjóðminjar eru skilgreindar sem hverfisvernduð svæði vegna fornminja í aðalskipulagi Hrunamannahrepps:

Hverfisvernd vegna fornminja		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR-683:021	Ásgarður	Heimild um sæluhús.
ÁR-683:012	Ásgarður nyrðri	Heimild um býli.
ÁR-683:013	Ásgarður syðri	Heimild um býli.
ÁR-683:011	Fosslækjartungur	Heimild um býli.
ÁR-683:010	Hrísalækur	Heimild um býli.
ÁR-683:008	Hrafnatóftir	Heimild um býli.
ÁR-683:009	Grjótártunga	Heimild um býli.
ÁR-683:026	Svínárnes	Hús, sæluhús.
ÁR-683:006	Heygil	Heimild um býli.
ÁR-683:007	Harðivöllur	Heimild um býli.
ÁR-683:028	Frægðarver	Heimild um sæluhús.
ÁR-683:005	Mörpúfur	Bæjarstæði, býli.
ÁR-683:003	Stangarnes	Bæjarstæði, býli.
ÁR-683:004	Rofshólar(Rógs-)	Bæjarstæði, býli.
ÁR-683:014	Djáknadyngja	Heimild um býli.
ÁR-683:001	Búðártunga	Bæjarstæði, býli.

4.5.4 Vatnsvernd

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði (Umhverfissráðuneytið, 1999).

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

I. flokkur - brunnsvæði

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „*Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli*“ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

Á uppdrætti eru afmörkuð brunnsvæði við vatnsból.

Brunnsvæði		
Nr.	Heiti	Lýsing
VB11	Blákvísl	Lindasvæði inn á afrétti, við Blákvísl. Mögulegt framtíðarvatnsból.
VB12	Kerlingarfjöll	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB13	Kisubotnar	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB25	Svínárnes	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB27	Klakksskáli	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB28	Leppistungur	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB29	Fosslækur	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB30	Grákollur	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.
VB31	Helgaskáli	Vatnstökusvæði / grann- og fjarsvæði.

II. flokkur - grannsvæði

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Verndarákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „*Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti*“ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

III. flokkur - fjarsvæði

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „*Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja*“ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

Niðurstaða umhverfismats áætlana vegna verndarsvæða

Þar sem ekki er til afmörkun á víðernum skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013, né skilgreining á uppbyggðum vegum eða gönguskálum þá eru víðerni ekki sýnd í aðalskipulaginu.

Fyrir liggur að fjölgun þjónustustaða á hálendinu er ekki í neinum takti við þá heildarfjölgun ferðamanna sem orðið hefur frá því að Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 var unnið, enda vill sveitarstjórn leggja áherslu á áframhaldandi verndun hálendisins sem lítt snortins svæðis. Ekki þykir ástæða til að meta áhrif tillögunnar á verndarsvæði sérstaklega enda eru Kerlingarfjöll á náttúruverndarskrá, auk þess að vera undir hverfisvernd. Tillaga um friðlýsingu er í samræmi við meginlínu sem var í gildandi aðalskipulagi um Kerlingarfjöll og deiliskipulag sem

unnið var fyrir uppbyggingu á hálendismiðstöð þar en ákvæði verndarsvæðis verða endurskoðuð ef þörf er á, m.a. vegna niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, sem nú er í ferli.

5 SKIPULAGSFERLI

Fjallað er um helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá eldra aðalskipulagi (kafla 5.1). Gerð grein fyrir ferli skipulagslýsingar, athugasemdum við hana og hvernig brugðist var við þeim (kafla 5.2). Þá er greint frá samráði sem haft var á vinnslutíma aðalskipulagstillögunnar og kynningu á tillögunni (kafla 5.3). Að lokum er greint frá auglýsingu aðalskipulagstillögunnar, þeim athugasemdum sem bárust og afgreiðslu þeirra (kafla 5.4).

5.1 BREYTINGAR FRÁ ELDRA SKIPULAGI

Á gildistíma núverandi aðalskipulags hafa verið gerðar allnokkrar breytingar á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Snúa þær helst að íbúðasvæðum á Flúðum, frístundasvæðum í dreifbýli og nýjum vegi sem gerður var yfir Hvítá, Bræðratunguvegi. Þá var skilgreint nýtt iðnaðarsvæði á Flúðum og annað rýmkað allnokkuð.

Nýtt aðalskipulag er unnið skv. nýjum skipulagslögum nr. 123/2010 sem hafa tekið gildi, ásamt nýrri skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og eru því talsverðar breytingar á framsetningu gagna. Meðal annars hefur landnotkunarflokkum fjölgað allverulega auk þess sem útlit og framsetning breytist nokkuð. Þá hefur landsskipulagsstefna tekið gildi og samhliða því hefur Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 verið felld úr gildi.

Helstu breytingar á landnotkun eru aukið áhersla á verndun lands sem hentugt er til ræktunar. Unnið er kort sem sýnir gott landbúnaðarland innan sveitarfélagsins og gert er ráð fyrir að ekki verði heimiluð landnýting á þeim svæðum sem takmarki verulega ræktunarhæfni lands, nema í beinum tengslum við þann rekstur sem fyrir er. Þá er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta eflist enn frekar, m.a. er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu á hálendissvæði sveitarfélagsins, aðallega í Kerlingarfjöllum en einnig á nýjum skálasvæðum. Þá verður gert ráð fyrir stærra svæði á Flúðum fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og fyrir miðsækna starfsemi. Þá er gert ráð fyrir rýmri heimildum fyrir uppbyggingu í dreifbýli án tengsla við búskap og byggingu stakra mannvirkja. Einnig efnistökusvæðum á afrétti í tengslum við endurbætur á vegum.

Þar sem ekki er um verulega stefnubreytingu að ræða eru í umhverfisskýrslu metin áhrif af stefnu varðandi verndun góðs landbúnaðarlands, frekari uppbyggingu vegna ferðaþjónustu á hálendissvæðum sveitarfélagsins og endurbætur á helstu vegum á hálendinu, stakar framkvæmdir, efnistöku á afrétti og uppbyggingu á hótelum og heilsulind á Flúðum.

5.2 SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing var auglýst og kynnt á heimasíðu í janúar/febrúar 2015. Samhliða var lýsingin send til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Forsætisráðuneytis, Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Veiðimálastofnun/Fiskistofu og á aðliggjandi sveitarfélög.

Engar ábendingar/athugasemdir bárust á auglýstum kynningartíma.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð og Skipulagsstofnun. Bláskógabyggð hafði engar athugasemdir en Skipulagsstofnun benti á að gera þurfi grein fyrir forsendum aðalskipulags s.s. íbúaþróun og þróun efnahags- og atvinnulífs. Þá er minnt á að aðalskipulag sveitarfélaga sé ávalt matsskyld skv. lögum um umhverfismat áætlaða. Bera skuli stefnu tillögunnar saman við stefnu núverandi skipulags, sem líta beri á sem núll-kost.

5.3 SAMRÁÐ OG KYNNING

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með sveitarstjórn, sem myndaði stýrihóp verkefnis. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir;

- Í mars 2015 var íbúafundur haldinn þar sem lýsing var kynnt og fyrstu drög að endurskoðuðu aðalskipulagi, sem síðan voru sett á heimasíðu sveitarfélagsins. Óskað var eftir ábendingum eða hugmyndum að breytingum á aðalskipulaginu.
- Í maí var fundað var með fulltrúum hestamannafélaga þar sem m.a. var farið yfir reiðleiðir.
- Í október var fundað með undirnefndum sveitarfélagsins, þar sem m.a. var farið yfir drög að flokkun landbúnaðarlands.
- Í janúar 2016 var íbúafundur þar sem drög að tillögu voru kynnt.
- Í mars var tillaga kynnt með auglýsingu og lá tillaga frami á skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu, auk heimasíðu ráðgjafa.

Tillagan var kynnt, í samræmi við 2 mgr. 30. gr. skipulagslaga, frá 17. mars til 20. apríl 2016. Allnokkrar ábendingar og athugasemdir bárust á kynningartíma og voru eftirfarandi breytingar gerðar:

- Lagfærð var lega Bakkatúnsvegur, innan þéttbýlis á Flúðum.
- Sett inn vatnsból við Grákoll og Helgaskála (VB30 og VB31).
- Staðsetning vatnsbóls við Fosslæk (VB29) lagfærð.
- Legu göngu- og reiðleiðar breytt með Litlu-Laxá / vegi að gömlu lauginni á Flúðum.
- Tjaldsvæði (F14) fellt út.
- Mörkum hverfisverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum (HV1 og HV2) breytt lítillega í samræmi við vinnu að friðlýsingu svæðisins.
- Frístundasvæði (F16) stækkað að Langholtsvegi.

5.4 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá 26. janúar til 10. mars 2017 en athugasemdafrestur var framlengdur til 21. apríl með auglýsingu 9. mars 2017. Alls bárust 4 athugasemdir auk þess sem 8 aðilar veittu umsagnir um tillöguna.

Athugasemdir bárust frá Birni Jónssyni, Önnu Brynjólfsdóttur og Tryggva Guðmundssyni, Landvernd (Guðmundi Inga Guðbrandssyni) og Fannborg ehf. (Páli Gíslasyni). Brugðist var við athugasemdum og verður viðkomandi aðilum svarað og gerðar eru ákveðnar breytingar.

Þá bárust umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Atvinnu- og nýsköpunarráðneyti, Forsætisráðneyti, Samgöngustofu, Fiskistofu, Skógræktinni, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun.

Sveitarstjórn tók umsagnir og athugasemdir til afgreiðslu á fundi sínum, þann 11. maí 2017.

Ákveðið var að bregðast við ákveðnum athugasemdum og umsögnum með eftirfarandi breytingu á aðalskipulagstillögunni:

- Bætt er inn nýju frístundasvæði við Dalbæ 2 á uppdrátt og greinargerð breytt í kafla 2.1.3. Þar liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir 3 frístundahús.
- Dregið verður úr áætluðum fjölda gistirúma fyrir ferðamenn í Svínárnesi, úr 150 niður í 85 rúm, kafla 4.1.3.
- Leiðrétt er tilvísun í lög, í kafla 4.5.1. í greinargerð.
- Bætt inn grann- og fjarsvæðum við nokkur vatnsból á uppdrátt aðalskipulags.
- Texta varðandi þjóðlendumörk breytt í kafla 4.
- Texta um tengiveg við Hruna bætt inn í kafla 2.4.1.

Sveitarstjórn taldi ekki efni til frekari breytinga á tillögu að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032.

Við lokaafgreiðslu aðalskipulags gerði Skipulagsstofnun athugasemd við ákveðin atriði skipulags með bréfi dags. 1. sept. 2017. Í framhaldi fundar með Skipulagsstofnun í sept. 2017 var texta breytt til að skýra betur byggingaheimildir í þéttbýli, dreifbýli og viðhald vega á hálendi. Þá var settur inn frekari rökstuðningur varðandi breytta afmörkun miðhálandis þar sem hálendismörk voru færð í þjóðlendumörk. Breytt tillaga er dagsett 3. okt. 2017.

Sveitarstjórn taldi ekki efni til frekari breytinga á tillögunni.

Enn voru gerðar athugasemdir af hálfu Skipulagsstofnunar með bréfum, dags. 10. Nóv. og 14. nóv. 2017. Sumar eldri athugasemdir voru ítrekaðar og einnig settar fram nýjar athugasemdir t.d. við kafla um skógrækt og landgræðslu. Þá var Skipulagsstofnun ekki „...ljóst að áform væru um að leggja til breytta markalínu hálendi“ og vildi Skipulagsstofnun fá álit Náttúrufræðistofnunar Íslands á þeirri breytingu. Álit NÍ, dags. 20. nóv. 2017 liggur fyrir.

Þá taldi Skipulagsstofnun ekki efni til að sveitarfélag legði til stefnumörkun um vegi á hálendi Íslands áður en „...skipulags- og samgönguyfirvöld á landsvísu hafa lagt fram greiningu á kostum varðandi þróun og útfærslu samgöngukerfis miðhálandis“ og því mælt með að sett skuli fram sú stefna í vegamálum sem sett var fram í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015.

Til að forðast enn frekari tafir á staðfestingu aðalskipulagsins var ákveðið að taka inn allar athugasemdir Skipulagsstofnunar. Breytt greinargerð og aðalskipulagsuppdraettir eru dagsettir 23. nóv. 2017.

6 HEIMILDIR

Alþingi Íslands. (1999). Náttúruverndarlög nr. 44/1999. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999044.html>

Alþingi Íslands. (2007). Vegalög nr. 80/2007. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>

Alþingi Íslands. (2011). *FjarSKIPTAÁÆTLUN 2011 - 2022*.

Alþingi Íslands. (2012). Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Ísland. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Alþingi Íslands. (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, & Samtök ferðaþjónustunnar. (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/vegvisir_2015.pdf

Fornleifastofnun. (2016). *Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi - Flúðir og nágrenni*.

Landmælingar Íslands. (2014). Sveitarfélög - upplýsingar. Retrieved from <http://atlas.lmi.is/sveitarfelog/>

Landsnet. (2015). *Rammaáætlun 3 - kynning*. Retrieved from http://os.is/media/raforka/Rammaa?aetlun-3_Kynning-a?-tengimo?guleikum-2015.06.pdf

Orkustofnun. (2015). Tilhögun virkjunarkosta 3. áfanga rammaáætlunar, áfangaskil 20. janúar 2015. Retrieved from <http://os.is/gogn/Rammaaetlun/2015-01-20/Tilhogun-virkjunarkosta-3-afanga-rammaaetlunar-afangaskil-20-januar-2015.pdf>

Samgönguráðuneytið. (2007). Reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2007>

Suðurlandsskógar. (2015). *Fjöldi jarða í skógrækt eða skjólbeltarækt - óbirt gögn*.

Sveinn Björnsson, ritstjóri. (2011). *Niðurstöður 2. áfanga Rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði*.

Sædís Gunnarsdóttir. (2001). *Menningarminjar í Hrunamannahreppi*.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>

Umhverfisráðuneytið. (1999). Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>

Umhverfisstofnun. (1996). Náttúruminjaskrá. Retrieved from <http://ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>


Vegagerðin. (2014). Vegaskrá 2014. 21.11.2014. Retrieved from <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

VIÐAUKI 1 – SKÝRINGARUPPRÆTTIR



HRUNAMANNAHREPPUR


Samgöngur og námur





HRUNAMANNNAHREPPUR


Verndarsvæði





HRUNAMANNAHREPPUR


Byggð og hættusvæði





HRUNAMANNAHREPPUR


Landbúnaðar- og skógræktarsvæði





HRUNAMANNAHREPPUR


Flokkun landbúnaðarlands





HRUNAMANNAHREPPUR


Fornminjar





HRUNAMANNAHREPPUR


Fornminjar





HRUNAMANNAHREPPUR

Skýringaruppdráttur - flokkun vega á Hrunamannafrétti



SKÝRINGAR

-  Vegir og slóðar opnir allri umferð
-  Vegir og slóðar með takmarkaðri umferð.
Einungis er heimil umferð í tengslum við smalamennsku, landvörslu eða björgunaraðgerðir.
-  Hrunamannahreppur



STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella. S. 487 7800
www.steinsholtfs.is

FLOKKUN VEGA

Skýringaruppdráttur 8

Verk: 8710 SA113

Mkv: 1:250.000

Bláðstærð: A4

Dags: 04.01.2017

Breytt: 03.10.2017